


Mat á tilraunaverkefni Barnaverndarstofu  
**Um nýja nálgun í heimilisofbeldismálum**  
Samstarf barnaverndar og lögreglu



Elísabet Karlsdóttir  
ásamt Sólveigu Sigurðardóttur

Unnið fyrir Barnaverndarstofu

Nóvember 2015



© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF)  
ISBN: 978-9935-9075-9-2  
Útgáfuár: 2015  
Útgáfustaður: Reykjavík  
Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd  
[www.rbf.is](http://www.rbf.is)

## Samantekt

Gagna var aflað með tvennum hætti. Annars vegar var gerð símakönnun meðal þolenda ofbeldis (n=38) og hins vegar fóru fram viðtöl við bæði mæður (4) og ungmenni (3) sem höfðu mátt þola ofbeldi á heimili, sem og viðtöl við lögreglumenn (3) og félagsráðgjafa hjá barnaverndarnefndum (5) sem tóku þátt í tilraunaverkefninu.

Í símakönnuninni var spurt um reynslu þolenda af þjónustunni. Fimm af svarendum voru ungmenni sem voru börn að aldri þegar ofbeldið átti sér stað. Aðrir þátttakendur voru að stærstum hluta konur, en tveir karlar voru þolendur ofbeldis. Þegar félagsráðgjafi Barnaverndarstofu kom með lögreglu í útkall vegna heimilisofbeldis sagði meirihluti þátttakenda í símakönnuninni (77%) að þetta hafi verið í fyrsta skipti sem lögreglan var kölluð til, og hjá nær 60% svarenda var það einhver í fjölskyldunni sem hringdi eftir aðstoð. Í flestum tilvikum var það eiginmaður /sambýlismaður eða faðir, (stjúp- eða fósturfaðir) sem beitti konur eða börn ofbeldi, eða bæði móður og börn. Í einu tilfelli voru faðir og börn beitt ofbeldi af móðir (eða sambýliskonu). Yfirgnæfandi meirihluti svarenda taldi það mikilvægt eða mjög mikilvægt að félagsráðgjafi Barnaverndarstofu hafi komið á staðinn og meirihluti sagði þeirra eigin reynsla og barna þeirra af viðtali við félagsráðgjafa Barnaverndarstofu hafi verið mjög eða frekar góð. Þá voru nær 80% svarenda ánægðir með framkomu lögreglunnar og starfsmanns barnaverndar og lang flestir voru mjög eða frekar ánægðir með framkomu félagsráðgjafa Barnaverndarstofu. Niðurstöður sýndu að ríflega þriðjungur svarenda fékk áframhaldandi stuðning inn á heimilið og var þá oftast um að ræða stuðning frá félagsráðgjafa Barnaverndarstofu.

Þátttakendur voru spurðir hvort ofbeldið hefði endurtekið sig síðar og svaraði nærri helmingur því játandi. Ellefu svarendur sögðust hafa upplifað svipað ofbeldisatvik og fyrra atvikið, þegar lögregla kom á staðinn. Aðeins í þremur tilvikum hringdu þeir á lögregluna en sögðust hafa reynt að halda ró sinni og passa upp á börn sín eða yngri systkini.

Helmingur þeirra sem beitti ofbeldinu voru fluttir af heimilinu. Um þriðjungur karlanna höfðu leitað sér hjálpar, þá fyrst og fremst geð-, eða áfengismeðferð, en aðeins einn karl hafði leitað til Karlar til ábyrgðar. Sumir höfðu leitað sér meðferðar á fleiri en einum stað. Ellefu þolenda sögðust ennþá hafa áhyggjur af barni eða börnum á heimili sínu.

Þegar spurt var um heilsu og líðan kom í ljós að tveir af hverjum þremur mátu heilsu sína mjög eða frekar góða um þessar mundir. Þegar þátttakendur voru beðnir að meta hvor heilsa þeirra væri betri eða verri en hún var áður en þeir fengu þjónustu í tengslum við tilraunaverkefnið kom í ljós að 45% sögðu líkamlega heilsu vera betri en áður og 67% að andleg heilsa væri betri en áður. Þá sagði rúmlega helmingur þolenda vinnufærni sína eða námsgetu vera heldur eða mun betri en þegar þeir hittu félagsráðgjafa Barnaverndarstofu í fyrsta skipti.

Fólk sem tók þátt í eigindlegu viðtölunum var almennt jákvætt í garð tilraunaverkefnisins. Allir viðmælendur mæltu með því að í öllum sveitarfélögum yrði skipulagt samstarf barnaverndar og lögreglu gert að meginreglu í ofbeldismálum þar sem barn kemur við sögu. Þótt ánægja væri með verkefnið sem slíkt og markmið þess, komu einnig fram ábendingar um hvað betur hefði mátt fara og hvað lærdóma megi draga af tilrauninni. Varpa má í stuttu máli fram styrkleikum og veikleikum sem lýst var:

Styrkleikar verkefnisins fólust í því að (i) hugað væri sérstaklega að barni sem er viðstatt ofbeldi, því tryggð vernd, og hjálp beint til þess á þeirri stundu sem það verður fyrir því áfalli að vera vitni að ofbeldi gegn móður og átökum á heimilinu; (ii) samfella skapaðist í aðkomu tveggja kerfa (barnaverndar félagsráðgjafa BVS og lögreglu) með samstarfi og skýrri verkaskiptingu þegar atvikið á sér stað og í eftirfylgni; (iii) með samstarfinu geti allir aðilar betur einbeitt sér að sínu hlutverki og fundið létti í því að annar aðilinn, lögregla, sjái um að fjarlægja ofbeldismanninn, en hinn, barnaverndarstarfsmaður, sjái um þolanda sem er miður sín og félagsráðgjafi Barnaverndarstofu taki að sér barn sem er í losti; og (iv) að allir geti treyst því að málið væri komið í ferli og eftirfylgni tryggð.

Veikleikar verkefnisins tengdust einkum því að framkvæmd hugmyndarinnar væri ekki fullmótuð. Þeir fólust í því að (i) samfella eða upplýsingaflæði væri ekki nægilegt milli þjónustuaðila í heildarferlinu; (ii) betur og markvissar þyrfti að framfylgja eftirfylgni; (iii) fleiri starfsmenn þyrftu að koma að verkefninu; (iv) inngripinu þyrfti að beita fyrr (oft langvarandi ofbeldi); (v) inngripið hefði þurft að vera orðið viðtekið hjá sveitarfélögum á landsvísu áður eða um leið og tilraunaverkefninu lauk.

Þrátt fyrir þessar ábendingar, bæði meðal barnaverndarstarfsmanna og lögreglu, var ítrekuð áhersla á jákvæða reynslu af nýju þjónustuformi og gagnsemi þess að aðilar vinni skipulega saman og skipti verkum. Einnig var samhljómur um að það form og gæði þjónustu sem hér var veitt þyrfti að þróa áfram og efla, og þá fyrst og fremst eftirfylgni. Barnaverndarstarfsmenn lögðu skýra áherslu á að handleiðsla væri nauðsynlegur þáttur í þessu inngripi. Sérstök áhersla var meðal foreldra og barna á mikilvægi þess að börnin fengu vernd, faglega aðstoð og gátu fundið öryggi í ógnandi aðstæðum ásamt því að eiga tryggða áframhaldandi aðstoð. Þá kom fram að mæður sögðu þjónustu félagsráðgjafa Barnaverndarstofu í ofbeldisaðstæðunum hafa átt sinn þátt í því að þær, sem þolendur ofbeldis, sáu aðstæður sínar og möguleika í nýju ljósi. Þær gátu nýtt sér stuðninginn áfram og höfðu tekið aðra stefnu sem gerendur í eigin lífi. Bæði lögreglan og barnaverndarstarfsmenn töldu að með verkefninu hefði sjónarhornið færst yfir á börnin. Með áfallahjálpi og meðferð eftir því sem þurfti þá hefði þessi samfella að sami starfsmaðurinn kom á vettvang og sinni börnunum áfram skipt sköpum. Að auki hefði verkefnið gert starf bæði lögreglu og barnaverndarstarfsmanna viðráðanlegra. Mikið vinnuálag væri á báðum þessum stéttum en með verkefninu skapaðist tækifæri til að vinna málin betur og um leið til hagsbóta fyrir börnin og fjölskylduna í heild. Þó bentu bæði lögregla og barnaverndaryfirvöld á mikilvægi þess að fleiri en einn starfsmaður kæmi að verkefninu. Málafjöldinn sé mikill, tíminn breytilegur og álag á einn starfsmann því mjög mikið.

Markmið tilraunaverkefnis var að bæta þjónustu við börn sem verða sjálf fyrir eða verða vitni að ofbeldi. Óhætt er að álykta út frá niðurstöðum matskönnunar að þetta markmið hefur náðst.

Lykilorð:

tilraunaverkefni, Barnaverndarstofa, ofbeldi, barnavernd, lögregla, samstarf, inngrip

## Efnisyfirlit

<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>3</b>
<b>1 INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
<b>2 AÐFERÐ</b> .....	<b>8</b>
<b>3 FRAMKVÆMD OG HEIMTUR ÚR SÍMAKÖNNUN</b> .....	<b>9</b>
<b>4 FRAMKVÆMD EIGINDLEGRA VIÐTALA</b> .....	<b>10</b>
<b>5 ÚRVINNSLA GAGNA</b> .....	<b>10</b>
<b>6 TAKMARKANIR RANNSÓKNAR</b> .....	<b>11</b>
<b>7 NIÐURSTÖÐUR SÍMAKÖNNUNAR</b> .....	<b>12</b>
BAKGRUNNUR ÞÁTTTAKENDA .....	12
AÐKOMA FÉLAGSRÁÐGJAFNA BARNAVERNDARSTOFU OG LÖGREGLU .....	14
ÁNÆGJA MEÐ VERKEFNIÐ .....	16
ÁFRAMHALDANDI STUÐNINGUR .....	18
HEILSA OG LÍÐAN .....	22
<b>8 NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA</b> .....	<b>24</b>
BARNAVERND .....	24
LÖGREGLA.....	29
MÆÐUR.....	31
BÖRN.....	33
<b>9 NIÐURLAG</b> .....	<b>35</b>
LOKAORÐ OG ÁLYKTUN .....	37
HEIMILDIR.....	37

## Töfluyfirlit

TAFLA 1.	SVARHLUTFALL .....	9
TAFLA 2.	HJÚSKAPARSTAÐA .....	12
TAFLA 3.	FJÖLDI BARNNA.....	12
TAFLA 4.	HÚSNÆÐI .....	13
TAFLA 5.	ATVINNUSTAÐA .....	13
TAFLA 6.	MENNTUN.....	13
TAFLA 7.	VAR ÞETTA Í FYRSTA SKIPTI SEM LÖGREGLAN VAR KVÖDD Á HEIMILIÐ?.....	14
TAFLA 8.	HVER HRINGDI EFTIR AÐSTOD LÖGREGLU?.....	14
TAFLA 9.	HVER BEITTI OFBELDI EÐA VARÐ ÞESS VALDUR AÐ HAFT VAR SAMBAND VIÐ LÖGREGLU?.....	15
TAFLA 10.	HVER VARÐ FYRIR OFBELDI EF EINHVER? .....	15
TAFLA 11.	HVERSU MIKILVÆGT (EÐA EKKI) VAR FYRIR ÞIG AÐ FÉLAGSRÁÐGJAFI BARNAVERNDARSTOFU KOM Á STAÐINN? .....	16
TAFLA 12.	HVERNIG TELUR ÞÚ AÐ UPPLIFUN ÞÍN/BARNINS HAFI VERIÐ AF VIÐTALINU VIÐ FÉLAGSRÁÐGJAFNA BARNAVERNDARSTOFU? .....	16
TAFLA 13.	ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, HVERSU ÁNÆGD/UR EÐA ÓÁNÆGD/UR VARST ÞÚ MEÐ FRAMKOMU LÖGREGLU? .....	17
TAFLA 14.	ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, HVERSU ÁNÆGD/UR EÐA ÓÁNÆGD/UR VARST ÞÚ MEÐ FRAMKOMU FÉLAGSRÁÐGJAFNA BARNAVERNDARSTOFU? .....	17
TAFLA 15.	ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, HVERSU ÁNÆGD/UR EÐA ÓÁNÆGD/UR VARST ÞÚ MEÐ FRAMKOMU STARFSMANNNA BARNAVERNDAR?.....	18
TAFLA 16.	VAR BARNI OG/EÐA FORELDNUM VEITTUR ANNAR STUÐNINGUR AF HÁLFU BARNAVERNDARNEFNDAR INN Á HEIMILIÐ EFTIR VIÐTALIÐ? .....	18
TAFLA 17.	FÉKKST ÞÚ ÞJÓNUSTU FRÁ ÖÐRUM AÐILUM Í TENGLUM VIÐ ÞENNAN ATBURÐ?.....	19
TAFLA 18.	HEFUR OFBELDI ENDURTEKIÐ SIG EFTIR AÐ ÞÉR/BARNINU VAR VÍSAÐ TIL FÉLAGSRÁÐGJAFNA BARNAVERNDARSTOFU? .....	19
TAFLA 19.	BÝR SÁ AÐILI SEM BEITTI OFBELDINU ENN Á HEIMILINU? .....	20
TAFLA 20.	HEFUR VIÐKOMANDI FARIÐ Í VIÐEIGANDI MEDFERÐ? .....	20
TAFLA 21.	HEFUR ÞÚ EÐA BARNIÐ ÞITT UPPLIFAÐ HLIÐSTÆTT ATVIK OG ÞEGAR LÖGREGLA VAR KÖLLUÐ TIL?.....	21
TAFLA 22.	FÉKKSTU SVIPAÐAN STUÐNING FRÁ LÖGREGLU OG BARNAVERNDARNEFND OG VIÐ FYRRA ATVIK? .....	21
TAFLA 23.	FÆR FJÖLSKYLDAN STUÐNING FRÁ BARNAVERND Í DAG? .....	22
TAFLA 24.	HVERNIG ER HEILSA ÞÍN OG LÍÐAN UM ÞESSAR MUNDIR? .....	22
TAFLA 25.	ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ LÍKAMLEG HEILSA ÞÍN SÉ BETRI, EINS EÐA VERRI EN ÞEGAR BARN ÞITT FÉKK VIÐTAL HJÁ FÉLAGSRÁÐGJAFNA BARNAVERNDARSTOFU? .....	22
TAFLA 26.	ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ ANDLEG LÍÐAN ÞÍN SÉ BETRI, EINS EÐA VERRI EN ÞEGAR BARN ÞITT FÉKK VIÐTAL HJÁ FÉLAGSRÁÐGJAFNA BARNAVERNDARSTOFU? .....	23
TAFLA 27.	ÞEGAR Á HEILDINA ER LITIÐ, MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ VINNUFÆRNI ÞÍN EÐA NÁMSGETA SÉ BETRI, EINS EÐA VERRI EN ÞEGAR BARN ÞITT FÉKK VIÐTAL HJÁ FÉLAGSRÁÐGJAFNA BARNAVERNDARSTOFU? .....	23
TAFLA 28.	HEFUR ÞÚ ÁHYGGJUR AF BARNI/BÖRNUM Á HEIMILI ÞÍNU VEGNA OFBELDIS SEM ENNPÁ VIÐGENGST?.....	24

## 1 Inngangur

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður mats á tilraunaverkefni Barnaverndarstofu vegna heimilisofbeldis. Um er að ræða tímabundna þjónustu sem veitt var um tveggja ára skeið, frá september 2011 til maí 2013, þar sem sérfræðingur á vegum Barnaverndarstofu og lögregla störfuðu saman eftir fyrirfram ákveðnu vinnulagi „Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi“. Verkefnið var samstarf Barnaverndarstofu, barnaverndarnefnda og lögreglu á höfuðborgarsvæðinu og miðaði að því að tryggja barnvæna nálgun í heimilisofbeldismálum þar sem börn komu við sögu. Kveikjan að verkefninu var bresk rannsókn sem sýndi að í þeim tilvikum sem lögregla hefur afskipti af heimilisofbeldi fengu börn litla hlutdeild í þeirri þjónustu sem veitt var á staðnum (Stanley, Miller, Richardson, Thomson og Britain, 2010). Rannsókn meðal kvennaathvarfa í Noregi sýndi einnig að oftast var engin formleg áfallahjálp í boði fyrir börn, né áframhaldandi aðstoð (Overline, 2010).

Barnaverndarstofa réð sérfræðing (félagsráðgjafa) til að sinna verkefninu í umboði barnaverndarnefnda og fór hann með lögreglu í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn voru á staðnum. Félagsráðgjafi Barnaverndarstofu ræddi við börnin og hlustaði á sjónarmið þeirra og lagði mat á líðan þeirra og á þörfina fyrir áframhaldandi stuðning. Þá vísaði einnig starfsfólk barnaverndarnefnda börnum og foreldrum beint í úrræðið ef á þurfti að halda (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2013). Verkefni félagsráðgjafans var meðal annars að met áhrif áfallsins á börnin eftir viðmiðum PTSD (Post-Traumatic stress Disorder) um áfallastreituröskun. Kannað var hvort börn hafi óttast um líf sitt eða annara fjölskyldumeðlima, og hvort um endurtekið tilvik var að ræða eða ekki (Ragna Björg Guðbrandsdóttir og Steinunn Bergmann, 2014).

Rannsóknir hér á landi gefa vísbendingar um umfang ofbeldis í nánum samböndum á Íslandi, en í rannsókn sem unnin var að beiðni félags- og tryggingamálaráðuneytisins sögðust um 22% kvenna hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Þegar spurt var um síðasta ofbeldistilvik reyndust í 75% tilfella börn búa á heimilum þeirra. Mæðurnar töldu að börnin hefðu ekki orðið vör við ofbeldið í 50% tilfella en fjórðungur þeirra sagði að börnin hefðu orðið vör við ofbeldið. Þrátt fyrir að 33% kvennanna hafi metið síðasta ofbeldistilvik sem refsivert voru einungis 13% þeirra sem tilkynntu ofbeldið til Lögreglu, í 4% tilfella fékk lögreglan upplýsingar um ofbeldið frá öðrum (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010).

Í skýrslu lögreglunnar frá 2010 um tíðni og eðli heimilisofbeldis árána 2006 og 2007 kemur fram að í 388 tilfella voru börn á staðnum við útkall lögreglu vegna heimilisofbeldis, af þeim hafði 71% hvorki stöðu þolenda né geranda. Þá voru 88 þolendur heimilisofbeldis undir 18 ára aldri. Þrátt fyrir þetta var barnaverndarnefnd aðeins kölluð á vettvang í 1% tilfella heimilisofbeldismála þar sem börn voru á staðnum þegar ofbeldið átti sér stað (Guðbjörg Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir, 2010). Þrátt fyrir að hafa hvorki stöðu þolenda né geranda voru börnin á staðnum, en rannsóknir hafa sýnt að áhrifin af því að vera vitni að ofbeldi eru alvarleg og oft þau sömu og að vera beitt ofbeldi (Edleson, 1999). Þá reyna foreldrar oft að draga úr áhrifum ofbeldis á börn með því að segja að þau hafa verið sofandi, úti eða ekki orðið vör við atburðinn þrátt fyrir að vera heima (Edleson, 1999; Elísabet Karlsdóttir og Ásdís Arnalds, 2010).

Barnaverndarstofa hefur frá árinu 2008 leitað leiða til að styðja börn sem búa við heimilisofbeldi. Í því skyni var óskað eftir því við barnaverndarnefndir að skrá sérstaklega fjölda tilkynninga er vörðuðu heimilisofbeldi og liggja fyrir tölulegar upplýsingar frá byrjun árs 2009. Árið 2010 hófst tilraunaverkefni sem fól í sér hópmeðferð fyrir börn sem höfðu upplifað ofbeldi (Barnaverndarstofa, 2010a). Sama ár stóð Barnaverndarstofa að útgáfu bókarinnar *Illí kall* (Dahle og Nyhus, 2010) í samstarfi við Forlagið sem gaf hana út. Bókinni er ætlað að opna umræðu um áhrif heimilisofbeldis á börn og hjálpa fullorðnum í nærumhverfi þeirra til að ræða viðfangsefni hennar við börn (Barnaverndarstofa, 2010b). Bókin var notuð í vinnu með börnum í hópmeðferðinni. Stöðug aðsókn var í hópmeðferðina á árunum 2010 og 2011 en árið 2012 minnkaði aðsóknin. Helsta ástæða þess var að flókið var að finna viðeigandi hópa og þurftu börnin því að bíða of lengi eftir þjónustunni. Á sama tíma kallaði starfsfólk barnaverndarnefnda eftir áfallameðferð fyrir börnin strax í kjölfar ofbeldis. Þeirri eftirspurn mætti tilraunaverkefnið sem fyrr greinir og hófst í september 2011. Eftir að tilraunaverkefninu lauk sinnti starfsfólk barnaverndarnefnda bakvöktunum og leituðu til sérfræðinga ef þörf var á viðtalsmeðferð í kjölfarið. Með stækkun Barnahúss í lok árs 2014 getur Barnaverndarstofa nú boðið áfallameðferð í Barnahúsi fyrir börn sem verða fyrir líkamlegu ofbeldi eða upplifa heimilisofbeldi í þeim tilvikum sem málið er til meðferðar hjá lögreglu. Starfsfólk barnaverndarnefnda sinnir áfram stuðningi á vettvangi útkalls lögreglu, þ.e. fyrstu hjálp (Steinunn Bergmann, munnleg heimild).

Barnaverndarstofa fékk Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) til að gera úttekt á framvindu verkefnisins og meta gagnsemi þjónustunnar með því að leita eftir reynslu og sýn starfsmanna barnaverndarnefnda og lögreglu auk foreldra og barna. Markmið rannsóknarinnar er að meta árangur tilraunaverkefnis Barnaverndarstofu vegna heimilisofbeldis. Jafnframt að kanna viðhorf foreldra og barna við inngríp og þjónustu verkefnisins og skoða hverju þjónustan breytti fyrir fjölskylduna ef einhverju. Auk þess var markmiðið að kanna hverju verkefnið breytti fyrir lögreglumenn sem sinntu útköllum sem og starfsfólki barnaverndarnefnda.

Elísabet Karlsdóttir framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd hafði umsjón með framkvæmd matsrannsóknarinnar sem unnin var í samstarfi við Sigrúnu Júlíusdóttur prófessor í Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Þær tóku viðtöl við fagfólk og notendur ásamt Sólveigu Sigurðardóttur félagsráðgjafa. Þær hafa jafnframt unnið úr gögnum símakönnunar og viðtalsefniviði, greint niðurstöður og séð um útgáfu þessarar skýrslu.

Viðmælendum í rannsókninni og samstarfsaðilum eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra framlag. Þakkir fyrir aðstoð og yfirlestur við frágang skýrslunnar fá Steinunn Hrafnadóttir, dósent í Félagsráðgjafardeild og Ásdís A. Arnalds sérfræðingur hjá Félasvísinda-stofnun Háskóla Íslands.

---

## 2 Aðferð

Í þessum kafla verður fjallað um þær aðferðir sem notaðar voru við gagnasöfnun. Rannsóknarsniðið kallast *Triangulation* sem þýðir að fleiri en ein aðferð er notuð til gagnasöfnunar sem var bæði meginleg og eigindleg. Gagnasöfnun fór fram með



símakönnun (megindleg aðferð) meðal foreldra sem höfðu gefið upplýst samþykki fyrir þátttöku sinni. Byrjað var á að framkvæma símakönnun meðal foreldra (mæðra) og ungmenna, sem höfðu upplifað ofbeldi sem börn en voru nú orðin 18 ára. Markmiðið með símakönnuninni var að fá upplýsingar frá foreldrum og ungmönnum um reynslu þeirra af tilraunverkefninu og hverju þjónustan hefði breytt, ef einhverju. Þá voru könnuð viðhorf þeirra til þjónustunnar og upplifun af inngrípinu þegar lögregla og félagsráðgjafi Barnaverndarstofu komu á heimilið við vegna ofbeldis.

Tekin voru eigindleg viðtöl við fimm félagsráðgjafa í barnavernd, þrjú lögreglumenn, fjórar mæður og þrjú ungmenni. Markmiðið með viðtölunum var á fá dýpri skilning á reynslu, viðhorfi og mati foreldra og barna á þjónustunni. Með viðtölunum við lögreglumenn og starfsmenn barnaverndarnefnda var markmiðið að kanna viðhorf, reynslu og mat þeirra á tilraunverkefninu hverju það hafi breytt fyrir þeirra störf og fjölskyldanna sem fengu þjónustuna.




### 3 Framkvæmd og heimtur úr símakönnun

Barnaverndarstofa sendi út kynningarbréf til allra þátttakenda, foreldra og barna (sem nú eru orðin 18 ára) sem tóku þátt í tilraunaverkefninu. Þátttakendur höfðu annað hvort orðið fyrir ofbeldi eða orðið vitni að ofbeldi. Alls reyndust málin varða 294 börn (þar af 34 sem voru orðin 18 ára). Talsvert var um systkini í hópnum, og þegar búið var að para saman foreldra og börn, taka út tíu aðila þar sem ekki var um heimilisofbeldi að ræða og tvo sem fluttir voru erlendis, reyndist 169 nöfn vera á listanum. Þessum aðilum voru send bréf en fjögur komu endursend til Barnaverndarstofu.

Barnaverndarstofa hringdi því næst í alla þátttakendur af listanum (sem nú innihélt 165 nöfn) til að fá upplýst samþykki fyrir þátttöku í rannsókninni. Hjá 41 aðila fannst ekki símanúmer og því ekki hægt að hringja, símanúmer hjá átta einstaklingum virkuðu ekki og ekki var hægt að bjóða fjórum aðilum þátttöku þar sem þeir skildu hvorki íslensku né ensku. Þá náðist ekki í 16 aðila þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Alls samþykktu því 49 einstaklingar þátttöku og af þeim voru sjö ungmenni sem höfðu náð 18 ára aldri. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar.

Símakönnunin fór fram á tímabilinu 18-26 júní 2015. Af þeim 49 sem samþykktu þátttöku tóku 38 þátt í könnuninni og var svarhlutfall því 78% (sjá töflu 1). Spurningalistinn var þýddur á ensku og voru þeir sem ekki töluðu íslensku spurðir á ensku í símakönnuninni. Kynjaskipting þátttakenda var þannig að 92% þátttakenda voru konur en 8% karlar. Kynjaskiptingin endurspeglar vel upphaflega listann með þeim sem höfðu samþykkt þátttöku, en þar var fjöldi karlanna 11% samanborið við 89% konur.

Tafla 1. Svarhlutfall

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Tók þátt í könnun	38	78%	 78%
Neitar að svara	5	10%	 10%
Næst ekki í	6	12%	 12%
<b>Alls</b>	<b>49</b>	<b>100%</b>	0% 25% 50% 75% 100%

---

## 4 Framkvæmd eigindlegra viðtala

Barnaverndarstofa afhenti Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd nöfn sérfræðinga í barnavernd og lögreglumanna sem komu að tilraunaverkefninu. Sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu sem tóku þátt í tilraunaverkefninu voru sex: Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes. Tekin voru viðtöl við fimm barnaverndarstarfsmenn, sem allir voru félagsráðgjafar með 10-35 ára starfsreynslu. Viðtöl voru tekin við þrjá lögreglumenn af höfuðborgarsvæðinu, einn með átta ára starfsreynslu en hinir með 17 og 25 ára reynslu. Þá voru tekin viðtöl við fjórar mæður, sem voru á aldrinum 29-47 ára og þrjú ungmenni sem voru á aldrinum 17-21 árs.

Nokkuð liðlega gekk að fá barnaverndarstarfsmenn til þátttöku og lögreglumennirnir sýndu sömuleiðis áhuga og lögðu sig fram um að mæta í boðuð viðtöl. Erfiðlegar gekk að fá foreldra (mæður) sem voru þolendur til að taka þátt í matsviðtölunum. Eins og fram hefur komið var upphaflega áætlað að taka viðtöl við fimm mæður og fimm börn eða ungmenni. Til að fá þátttakendur í viðtalshluta matsrannsóknarinnar voru foreldrar og ungmenni (eldri en 18) spurð í símakönnuninni hvort þau vildu koma í viðtal í tengslum við rannsóknina. Alls samþykktu 24 svarenda að veita viðtal og þar af voru fimm ungmenni (fjórar stúlkur og einn piltur) og 18 mæður og einn faðir. Níu foreldrar gáfu leyfi fyrir viðtali við barn/börn svo fremi sem þau vildu það sjálf. Svarendur sem samþykktu að veita viðtal gáfu upp netfang og símanúmer. Við úthringingar kom í ljós að ekki höfðu allir sem skráðu sig tök á því að koma í viðtal þegar til átti að taka. Þá reyndist erfitt að ná í sumar mæðrana, þær báðust undan þátttöku eða mættu ekki í boðuð viðtöl. Nokkrar fengu fleiri en einn viðtalstíma en sáu sér samt ekki fært að mæta. Þetta átti einnig við um ungmennin. Þau höfðu sofið yfir sig eða gleymt tímanum, sum komu síðar en önnur mættu ekki þrátt fyrir skilaboð um stað og stund í smáskilaboðum í síma. Ástæður brottfalls virtust vera óframfærni, tímaleyfi og skipulagsleysi frekar en áhugaleyfi. Þá verður einnig að hafa í huga að um afar viðkvæmt málefni er að ræða og getur verið erfitt fyrir fólk að deila reynslu sinni. Þegar upp var staðið voru tekin viðtöl við fjórar mæður og þrjú ungmenni.

Notaðir voru spurningavísar í viðtölunum en viðmælendum leyft að tala frjálst um þjónustuna og reynslu þeirra af henni eftir því sem þeir óskuðu. Viðtölin fóru fram hjá Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd í húsakynnum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, í júní og júlí 2015. Lengd viðtals var að jafnaði 30–40 mínútur, sum voru styttri en nokkur voru ívið lengri, og átti það síðarnefnda frekar við um barnaverndarstarfsmenn. Þetta tengdist oft því hversu auðvelt þátttakendur áttu með að tjá sig en ekki síður hversu mikið þeim lá á hjarta og hversu ítarlega þeir vildu lýsa hinu nýja verklagi, samvinnuferlinu og reynslu sinni af því öllu, ásamt ábendingum.

---

## 5 Úrvinnsla gagna

Gagnasöfnun fór fram með tvenns konar hætti eins og áður hefur komið fram. Í fyrsta lagi með símakönnun og í öðru lagi með viðtölum. Niðurstöður spurningakönnunar eru birtar í myndum sem sýna hlutfallslega dreifingu svara við hverri spurningu fyrir sig. Niðurstöður símakönnunar eru settar fram í töflum og texta með lýsandi tölfræði. Marktektarpróf voru ekki reiknuð þar sem um þýði er að ræða en ekki úrtak.

Eigindlegu viðtölin voru tekin upp með samþykki viðmælenda og afrituð orðrétt. Þá voru þau þemagreind og voru þemum flokkuð í meginþemu og undirþemu. Framsetning viðtala er með þeim hætti að fyrst er gerð grein fyrir þemum sem fram komu við úrvinnslu viðtala við barnaverndarstarfsmenn og lögreglu. Í næsta hluta er sagt frá þemum sem fram komu við úrvinnslu viðtala við lögreglumenn, en í þriðja og fjórða hluta er greint frá niðurstöðum sem fram komu við úrvinnslu viðtala við notendur tilraunapjónustunnar.

## 6 Takmarkanir rannsóknar

Nokkrar takmarkanir eru á matsverkefninu og verða þær raktar hér. Má þar nefna að ekki er um neinn samanburðarhóp að ræða. Hefði verið hugað að mati á verkefninu við upphaf þess hefði verið unnt að velja út ákveðinn fjölda ofbeldismála sem fengi tilraunapjónustuna og annan sem fengi venjulega þjónustu. Í fyrsta lagi var ekki hugað að þessu fyrirfram. Í öðru lagi hefði slík samanburðartilhögun vakið upp mörg siðferðileg álitamál þar sem um viðkvæmt málefni (persónulegt ofbeldi) var að ræða og auk þess áttu börn í hlut. Samanburðarhópur hefði bæði tafið framvindu matsins og einnig gert það mun kostnaðarsamara, auk þess sem mikil þörf var á því að auka fljótt þjónustu við börn sem búa við heimilisofbeldi sem og markvissara vinnulag í málaflokknum. Í þriðja lagi hefði þurft að vinna tilraunaverkefnið yfir lengri tíma til að fá fram reynslu fleiri notenda og til að sníða af annmarka jafnóðum.

Í þessu sambandi má geta þess að verkefni með samstarfi lögreglu og félagsþjónustu sveitafélaga á Suðurnesjum hófst 1. febrúar 2013, þ.e. skömmu áður en verkefninu sem hér er til umfjöllunar lauk (Lögreglustjórnin á Suðurnesjum, 2014).

Einnig má nefna að að hafa hefur þurft í huga að þar sem heimilisofbeldi er mjög viðkvæmt málefni eru gerðar strangar kröfur um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það var því ekki nóg að senda þátttakendum í tilraunaverkefninu bréf þess efnis að gera ætti könnun á viðhorfum þeirra og reynslu af verkefninu, heldur þurfti að hringja í alla þátttakendur í verkefninu og óska eftir samþykki þeirra fyrir þátttöku í könnuninni. Það voru vonbrigði að aðeins 49 einstaklingar fengjust til að taka þátt í könnuninni. Þegar Barnaverndarstofa hringdi í þátttakendur í tilraunaverkefninu til að fá samþykki fyrir þátttöku náðist í 96 manns og samþykkti helmingur þeirra að taka þátt. Þrátt fyrir það urðu þátttakendur aðeins 38 í lokin. Þetta þarf að hafa í huga við lestur skýrslunnar. Þá getur sú staðreynd að gagnasöfnun var að sumarlagi hafa haft áhrif á þátttöku í könnuninni. Annað sem takmarkaði rannsóknina var misjöfn aðkoma þátttakenda að tilraunaverkefninu. Það má í raun segja að um nokkra hópa hafi verið að ræða. Lögreglan og félagráðgjafi Barnaverndarstofu (BVS) komu á staðinn þegar heimilisofbeldið átti sér stað hjá 28 þátttakendum í þessu verkefni, í sumum tilfellum fengu börnin áframhaldandi stuðning frá félagráðgjafanum og í öðrum tilfellum var þetta eina þjónustan sem fjölskyldan fékk. Í öðrum tilfellum var þátttakendum í tilraunaverkefninu vísað beint til félagráðgjafa Barnaverndarstofu, án þess að lögregla og félagráðgjafi Barnaverndarstofu kæmu á staðinn. Þá voru fimm þátttakendur í þessari rannsókn börn þegar þeir fengu þjónustu frá félagráðgjafa Barnaverndarstofu en eru í dag orðin 18 ára. Því var ekki hægt að spyrja alla þátttakendur sömu spurninganna og þess vegna eru misjafnlega mörg svör á bak við hverja spurningu. Þetta þarf einnig að hafa í huga við lestur skýrslunnar.

## 7 Niðurstöður símakönnunar

Eins og getið var um í upphafi var þjónustan sem veitt var með tilraunaverkefningu tvenns konar. Annars vegar fór félagsráðgjafi Barnaverndarstofu með lögreglu í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn voru á staðnum og hinsvegar þegar börn höfðu upplifað ofbeldi án aðkomu lögreglu var hægt að vísa þeim beint í úrræðið. Þátttakendur í símakönnuninni voru 38 talsins þar af eru 28 aðilar þar sem lögregla og félagsráðgjafi kom á heimilið og 10 aðilar sem var vísað beint í úrræðið. Eingöngu þrír karlar svöruðu spurningalistaum og verða niðurstöður því ekki greindar eftir kyni.

### Bakgrunnur þátttakenda

Þátttakendur voru spurðir um aðstæður sínar í dag. Tafla 2 sýnir að flestir þátttakendur voru fráskildir (39%) eða í hjónabandi/sambúð (37%).

Tafla 2. Hjúskaparstaða

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Í hjónabandi	9	24%	24%
Í sambúð	5	13%	13%
Í sambandi, en búum ekki saman	6	16%	16%
Einhleyp/ur	3	8%	8%
Fráskilin/n, sambúð slitið	15	39%	39%
<b>Alls</b>	<b>38</b>	<b>100%</b>	0% 25% 50% 75% 100%


Algengast var að svarendur ættu þrjú börn (37%) en fjórðungur átti tvö börn. Fimm þátttakendur voru barnlausir og nutu sjálfir þjónustunnar þegar þeir voru börn (sjá töflu 3).

Tafla 3. Fjöldi barna

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Eitt barn	4	11%	11%
Tvö börn	10	26%	26%
Þrjú börn	14	37%	37%
Fjögur börn	2	5%	5%
Fimm börn eða fleiri	3	8%	8%
Á ekki börn	5	13%	13%
<b>Alls</b>	<b>38</b>	<b>100%</b>	0% 25% 50% 75% 100%


Rúmlega helmingur þátttakendur bjó í eigin húsnæði (53%) og ríflega fjórðungur í leiguhúsnæði á frjálsum markaði (sjá töflu 4).

Tafla 4. Húsnæði




Rúmlega helmingur þátttakenda var launþegar (55%) eða sjálfstætt starfandi (8%) en 26% þátttakenda voru lífeyrisþegar (sjá töflu 5).

Tafla 5. Atvinnustaða



Menntun þátttakenda var mismikil, 29% þátttakenda höfðu lokið háskólaprófi BA/BS (21%) eða framhaldsnámi úr háskóla (MA/MS, doktorsnám 8%). Rúmlega fjórðungur hópsins hafði þó ekki menntað sig að loknum grunnskóla (sjá töflu 6).


Tafla 6. Menntun



## Aðkoma félagsráðgjafa Barnaverndarstofu og lögreglu

Þátttakendur voru spurðir hvort að tilvikið þar sem félagsráðgjafinn kom heim með lögreglunni hafi verið í fyrsta skipti sem lögreglan var kvödd á heimilið. Meirihluti þátttakenda (77%) sagði svo vera en hjá þriðjungi hafði lögreglan komið áður (sjá töflu 7).


Tafla 7. Var þetta í fyrsta skipti sem lögreglan var kvödd á heimilið?



\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

Þátttakendur voru einnig spurðir hver hafi hringt í lögreglu í umræddu tilfalli. Ríflega fjórðungur vissi ekki hver hringdi, en 37% sögðust hafa hringt sjálfir (sjá töflu 8).


Tafla 8. Hver hringdi eftir aðstoð lögreglu?



\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).


Niðurstöður könnunarinnar sýna að það var oftast fyrrverandi eða núverandi eiginmaður eða sambýlismaður eða faðir/stjúpfaðir/fósturfaðir (66%) sem beitti ofbeldi eða varð þess valdur að haft var samband við lögreglu. Þá voru átök milli annara aðila en foreldra ástæða þess að haft var samband við lögreglu í 13% tilvika. Í 5% tilfella var um konu að ræða sem beitti ofbeldi eða varð þess valdandi að hringt var í lögreglu (sjá töflu 9).

Tafla 9. Hver beitti ofbeldi eða varð þess valdur að haft var samband við lögreglu?



Þátttakendur voru einnig spurðir hver hafi orðið fyrir ofbeldi bæði þegar lögregla var kölluð til en einnig í þeim tilfellum þar sem var vísað beint í úrræðið án aðkomu lögreglu. Í helmingi tilfella var það móðir, börn eða bæði móðir og börn sem urðu fyrir ofbeldi. Þá nefndu sex af 38 svarendum að um hafi verið að ræða átök á milli annarra aðila (sjá töflu 10).


Tafla 10. Hver varð fyrir ofbeldi ef einhver?



## Ánægja með verkefnið

Félagsráðgjafi Barnaverndarstofu ræddi við öll börn sem voru á staðnum þegar útkallið átti sér stað. Þátttakendur voru spurðir hversu mikilvægt það var fyrir þá að fá félagsráðgjafa frá Barnaverndarstofu á staðinn með lögreglunni. Yfirgnæfandi meirihluti, eða 87% þátttakenda, sagði að það hafi verið mikilvægt eða mjög mikilvægt að hann kom á staðinn (sjá töflu 11).


Tafla 11. Hversu mikilvægt (eða ekki) var fyrir þig að félagsráðgjafi Barnaverndarstofu kom á staðinn?



\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

Bæði foreldrar og þátttakendur sem voru börn þegar úrræðið var í boði, voru beðin um að meta upplifun sína og barna þeirra af viðtalinu við starfsmann Barnaverndarstofu sem átti sér stað þegar lögreglan var kölluð til. Meirihluti (65%) taldi að upplifun þeirra hafi verið mjög eða frekar góð, en fimm af þeim 21 sem svaraði spurningunni voru ekki vissir um hvernig upplifun barnsins hefði verið (sjá töflu 12).

Tafla 12. Hvernig telur þú að upplifun þín/barnsins hafi verið af viðtalinu við félagsráðgjafa Barnaverndarstofu?




\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir).



Þátttakendur voru spurðir hversu ánægðir eða ánægðir þeir voru með framkomu lögreglunnar sem kom á staðinn þegar heimilisofbeldið átti sér stað og sögðust 78% svarenda vera mjög eða frekar ánægðir með framkomu lögreglu (sjá töflu 13).


Tafla 13. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð/ur eða óánægð/ur varst þú með framkomu lögreglu?



\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

Þá voru nær allir (91%) frekar eða mjög ánægðir með framkomu félagsráðgjafa Barnaverndarstofu (sjá töflu 14).


Tafla 14. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð/ur eða óánægð/ur varst þú með framkomu félagsráðgjafa Barnaverndarstofu?



\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

Meirihluti (79%) þátttakenda var ánægður með framkomu starfsmanns barnaverndar (sjá töflu 15). Athygli er vakin á því að um mjög fáa svarendur er að ræða þar sem helmingur þeirra sem spurningin beindist að kaus að svara ekki spurningunni.

Tafla 15. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð/ur eða óánægð/ur varst þú með framkomu starfsmanns barnaverndar?




\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

### Áframhaldandi stuðningur

Samkvæmt niðurstöðum var tíu svarendum veittur áframhaldandi stuðningur eftir viðtalið heima, yfirleitt af félagsráðgjafa Barnaverndarstofu (sjá töflu 16). Samkvæmt lokaskýrslu um tilraunaverkefnið fóru 33% barna í meðferð eftir að félagsráðgjafi Barnaverndarstofu fór á heimili þeirra með lögreglu, aftur á móti fór 61% barna í viðtöl til félagsráðgjafans af þeim sem var vísað beint í úrræðið (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2013).


Tafla 16. Var barni og/eða foreldrum veittur annar stuðningur af hálfu barnaverndarnefndar inn á heimilið eftir viðtalið?



\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

Rúmur helmingur svarenda sagðist hafa fengið þjónustu frá öðrum aðilum (sjá töflu 17).

Tafla 17. Fékkst þú þjónustu frá öðrum aðilum í tengslum við þennan atburð?




\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

Af þeim 15 svarendum sem fengu þjónustu frá öðrum aðilum í tengslum við atburðinn nefndu fjórir að þeir hafi fengið stuðning hjá félagsþjónustu, fjórir sögðust hafa fengið þjónustu hjá sálfræðingi, tveir í athvarfi fyrir þolendur ofbeldis, tveir hjá SÁA og einn hjá áfallateymi LSH.

Tíu þátttakendum var vísað beint til félagsráðgjafa Barnaverndarstofu án þess að lögregla og félagsráðgjafi Barnaverndarstofu kæmu á heimilið. Þau voru spurð hver hafi verið ástæða tilvísunar. Í ljós kom að þrjár mæður fengu viðtal hjá félagsráðgjafa vegna þess að börn þeirra höfðu verið beitt ofbeldi, tveimur hafði verið vísað til félagsráðgjafa vegna átaka á heimilinu milli foreldra, fósturforeldra eða stjúpfareldra, tveir svarendur höfðu sjálfir orðið fyrir ofbeldi, einn hafði orðið vitni að ofbeldi og einn fór í viðtal hjá félagsráðgjafa í tengslum við forræðismál.

Þátttakendur voru þvínæst spurðir hvort ofbeldið hafi endurtekið sig og sögðu 44% þeirra svo vera (sjá töflu 18).

Tafla 18. Hefur ofbeldi endurtekið sig eftir að þér/barninu var vísað til félagsráðgjafa Barnaverndarstofu?



\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort sá sem beitti ofbeldinu eða var ástæða fyrir því að lögreglan var kölluð á staðinn byggji á heimilinu. Sögðu 7 af þeim 27 sem tóku afstöðu til spurningarinnar svo vera, en 19 sögðu að sá sem beitti ofbeldinu væri fluttur af heimilinu (sjá töflu 19).

Tafla 19. **Býr sá aðili sem beitti ofbeldinu enn á heimilinu?**

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	7	26%	26%
Nei, fluttur	19	70%	70%
Nei, hefur aldrei búið á heimilinu	1	4%	4%
<b>Fjöldi svara</b>	27	100%	0% 25% 50% 75% 100%
Vil ekki svara	1		
<b>Alls *</b>	<b>28</b>		
Fékk ekki spurningu	10		

\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort að sá sem beitti ofbeldinu hafi farið í viðeigandi meðferð eftir ofbeldisatvikið. Í sjö tilfellum höfðu karlarnir leitað sér meðferðar og var algengast að hafa farið í áfengismeðferð (sjá töflu 20).

Tafla 20. **Hefur viðkomandi farið í viðeigandi meðferð?**

	Fjöldi svara	Hlutfall	Hlutfall
Meðferð hjá KTÁ (Karlur til ábyrgðar)	1	4%	4%
Áfengismeðferð	7	25%	25%
Geðmeðferð	3	11%	11%
Annað	3	11%	11%
Nei	18	64%	64%
<b>Fjöldi svara</b>	32	114% *	0% 25% 50% 75% 100%
Veit ekki	6		
Vil ekki svara	1		
<b>Fjöldi svarenda *</b>	<b>28</b>		
Fékk ekki spurningu	10		

\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

\* Svarendur gátu merkt við fleiri en einn valmöguleika, því er summa hlutfalla yfir 100.

Í ljós kom að 11 þátttakendur (41%) höfðu upplifað hliðstætt atvik og þegar lögregla og félagsráðgjafi Barnaverndarstofu komu á staðinn vegna heimilisofbeldis (sjá töflu 21).

Tafla 21. Hefur þú eða barnið þitt upplifað hliðstætt atvik og þegar lögregla var kölluð til?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	11	41%	41%
Nei	16	59%	59%
<b>Fjöldi svara</b>	27	100%	0% 25% 50% 75% 100%
Vil ekki svara	1		
<b>Alls *</b>	<b>28</b>		

Fékk ekki spurningu 10

\* Einstaklingar sem lögreglan var kvödd á heimilið hjá (fullorðnir og börn 18 ára og eldri).

Þátttakendur voru spurðir um viðbrögð þeirra þegar þetta hiðstæða atvik átti sér stað. Spurningin var opin og gafst fólki tækifæri til að segja frá með eigin orðum hvernig viðbrögð þeirra voru. Af þeim 11 sem svöruðu spurningunni sögðust tveir þátttakenda fyrst og fremst hafa reynt að halda ró sinni við ofbeldisatburðinn, og einn að hann hefði reynt að leysa málin sjálfur. Í einu tilfalli fór svarandi út af heimilinu með börnin, og í öðru tilfalli var fjölskyldan búin að koma sér upp ákveðnu ferli ef upp kæmi ofbeldi á heimili, þ.e. koma dótturinni undan inn í herbergi þar sem hún átti að læsa að sér og hringja í lögregluna. Þá var einnig um að ræða ungan einstakling sem passaði upp á systkini sín ef upp kom ofbeldi og fór með þau afsíðis til að koma í veg fyrir að þau yrðu fyrir ofbeldi eða að þau þurftu að horfa upp á móður sína verða fyrir ofbeldi. Í þremur tilfellum hringdi viðkomandi í lögreglu. Þetta reyndi á þátttakendur eins og sjá má hér:

Ég var bara alveg rosalega hrædd, fékk hálfgerð sjökk og kallaði ekki eftir aðstoð í það skipti.

Tafla 22 sýnir að af þeim 11 þátttakendum sem sögðust hafa upplifað hliðstætt atvik, sögðust fjórir hafa fengið svipaðan stuðning frá lögreglu og barnavernd og við fyrra atvik.

Tafla 22. Fékkstu svipaðan stuðning frá lögreglu og barnaverndarnefnd og við fyrra atvik?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	4	40%	40%
Nei	6	60%	60%
<b>Fjöldi svara</b>	10	100%	0% 25% 50% 75% 100%
Veit ekki	1		
<b>Alls *</b>	<b>11</b>		

Fékk ekki spurningu 27

\* Einstaklingar sem höfuð upplifað hliðstætt atvik.

Tafla 23 sýnir að sex af þeim 38 sem tóku þátt í könnuninni sögðu fjölskylduna fá stuðning frá barnavernd í dag.

Tafla 23. Fær fjölskyldan stuðning frá barnavernd í dag?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	6	17%	17%
Nei	30	83%	83%
<b>Fjöldi svara</b>	36	100%	0% 25% 50% 75% 100%
Veit ekki	1		
Vil ekki svara	1		
<b>Alls</b>	38		

## Heilsa og líðan

Þátttakendur voru spurðir um heilsu sína og sögðust tveir af hverjum þremur búa við frekar eða mjög góða heilsu í dag (sjá töflu 24).

Tafla 24. Hvernig er heilsa þín og líðan um þessar mundir?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mjög góð	12	32%	32%
Frekar góð	13	34%	34%
Hvorki góð né slæm	6	16%	16%
Frekar slæm	3	8%	8%
Mjög slæm	4	11%	11%
<b>Alls</b>	38	100%	0% 25% 50% 75% 100%


Þá sagði tæpur helmingur þátttakenda að líkamleg heilsa þeirra væri heldur eða mun betri en hún var þegar þeir fengu þjónustu í tengslum við tilraunaverkefnið (sjá töflu 25).

Tafla 25. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að líkamleg heilsa þín sé betri, eins eða verri en þegar barn þitt fékk viðtal hjá félagsráðgjafa Barnaverndarstofu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Mun betri	10	27%	27%
Heldur betri	7	19%	19%
Eins	12	32%	32%
Heldur verri	7	19%	19%
Mun verri	1	3%	3%
<b>Fjöldi svara</b>	37	100%	0% 25% 50% 75% 100%
Vil ekki svara	1		
<b>Alls</b>	38		


Tveir af hverjum þremur sögðu andlega líðan vera heldur eða mun betri en áður en þeir fengu þjónustu með tilraunaverkefninu (sjá töflu 26).

Tafla 26. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að andleg líðan þín sé betri, eins eða verri en þegar barn þitt fékk viðtal hjá félagsráðgjafa Barnaverndarstofu?



Rúmlega helmingur svarenda sagði að vinnufærni eða námsgeta væri mun eða heldur betri en þegar barnið fékk viðtal hjá félagsráðgjafa Barnaverndarstofu, en rúmlega þriðjungur að hún væri eins og áður. Fjórir svarendur sögðu vinnufærni og námsgetu vera verri (sjá töflu 27).

Tafla 27. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að vinnufærni þín eða námsgeta sé betri, eins eða verri en þegar barn þitt fékk viðtal hjá félagsráðgjafa Barnaverndarstofu?



Að lokum voru mæður og ungmenni sem höfðu upplifað ofbeldi spurð hvort að þau hefðu áhyggjur af barni og börnum á heimili sínu og sögðu 11 þátttakendur svo vera (sjá töflu 28). Þeim sem svöruðu þessari spurningu játandi var veitt ráðgjöf um hvert þeir gætu leitað eftir aðstoð.

Tafla 28. Hefur þú áhyggjur af barni/börnum á heimili þínu vegna ofbeldis sem ennþá viðgengst?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall
Já	11	30%	30%
Nei	26	70%	70%
<b>Fjöldi svara</b>	37	100%	0% 25% 50% 75% 100%
Vil ekki svara	1		
<b>Alls</b>	38		

## 8 Niðurstöður viðtala

Almennt lýstu þátttakendur jákvæðri reynslu og sýn á tilraunaverkefnið. Flestir byrjuðu og enduðu viðtölin á að lýsa ánægju sinni með að fá tækifæri til að koma reynslu sinni á framfæri og geta upplýst um kosti og galla verkefnisins. Átti þetta jafnt við um barnaverndarstarfsmenn, lögreglu og notendur þjónustunnar. Stuðst var við spurningavísi sem leitað skyldi svara við í persónulegu samtali. Viðtölin voru öll tekin upp og afrituð fyrir úrvinnslu. Úrvinnslan er aðallega lýsandi og fylgir efnisatriðum spurningavísis. Atriðin hverfðust um eigin reynslu og almenna sýn á verkefnið ásamt eigin mati á gagnsemi. Óhjákvæmilega varð hér nokkuð um endurtekningar, bæði vegna þess að atriðin skarast nokkuð og vegna þess að það sem fram kom snerist ítrekað um það sama, líka innan starfshópanna tveggja. Reynt er draga fram sérstök áhersluatriði í frásögnum viðmælenda, greina það sem fram kom um kosti og galla tilraunaþjónustunnar og ábendingar um það sem þyrfti að bæta úr eða skerpa. Beinir tilvitnanir úr viðtölunum eru notaðar til að lýsa ummælum þátttakenda um matsþættina.

### Barnavernd

Reynsla barnaverndarstarfsmanna af tilraunaverkefni Barnaverndarstofu um heimilis- ofbeldi var tvímælalaust talin mjög góð. Starfsmenn töldu verkefnið mjög þarft og lögðu áherslu á að því hafi verið sinnt vel, af alúð og fagmennsku. Hér væri um að ræða til muna bættu og markvissari þjónustu fyrir börn og fjölskyldur. Í þessu sambandi var talað um „draumaverkefni“ sem þyrfti að raungerast á landsvísi, þó minnst væri á að ef til vill væri óraunhæft að slíkt „lúxusverkefni“ gæti haldið áfram. Talað var um að það væri einstaklega góð þjónusta að sami starfsmaðurinn og kom á heimili þegar ofbeldið átti sér stað fylgi börnunum eftir, en bent á að það væri ekki raunhæft að hafa bara einn starfsmann í verkefninu sökum þess hvað málin eru mörg. Jafnframt var harmað að sveitafélögin hafi ekki verið tilbúin að taka keflið þegar verkefninu lauk. Það hefði kannski þurft að vara yfir í lengri tíma, og að lagðar hefðu verið línur um hvað ætti að taka við áður en því lauk.



*Börnin verða stundum ósýnileg og það er verið að draga börnin fram. [...] Þarna gafst þeim tækifæri til þess að segja sína skoðun og sína sögu, og fá viðeigandi aðstoð. [V2]*

Talið var að eitt það mikilvægasta í þessu tilraunaverkefni væri tímabátturinn, að geta gripið fljótt inn þegar börn ættu í hlut. Með því að huga þannig sérstaklega að þeim yrðu þau sýnileg, hægt væri að veita þeim fyrstu hjálp og gefa þeim tækifæri til þess að tjá sig á eigin forsendum, út frá aldri og þroska. Mikill kostur þótti að fá fagaðila strax á staðinn sem einbeitti sér fyrst og fremst að barninu/börnunum, mat aðstæður og átti samtál við barnið/börnin. Barnið fékk síðan, ef þörf var á, viðtöl hjá sama aðila í framhaldinu. Meiri líkur væru á að fjölskyldan fengi allar upplýsingar og þjónustan ýtti frekar við þolendum að horfast í augu við alvarleika málsins.

*Mér fannst þetta verkefni mjög áhugavert og spennandi. [...] Mikill fengur í að fá þessa sérhæfingu. [Starfsmaður Barnaverndarstofu] fór inn í aðstæðurnar með lögreglu og einbeitti sér algjörlega að barninu, var með barnið í fókus og upp á að lesa í aðstæður og meta hvað sé í gangi, og bjóða svo viðtal í framhaldinu. [V5]*

Gerð var skýrsla um útkallið og vinnslu málsins sem send var til viðeigandi barnaverndarnefndar og nýttist í áframhaldandi vinnu fagfólks með fjölskyldunni. Þetta mótaði skipulegri vinnubrögð, tryggði samfellu í þjónustunni og væri til þess fallið að skapa aukið traust á fagfólki á sviði barnaverndar.

*Skrifleg samantekt á útkallinu gat tryggt að málið færi í farveg hjá [barnaverndar] nefndinni, einhver úrvinnsla fyrir barnið. Þá er til lýsing á líðan barnsins á vettvangi sem skipti svo miklu máli og segir ýmislegt um hvernig þau eru að bregðast við þessum aðstæðum. [V1]*

Um áhrif þessa vinnulags fyrir eigið starf kom skýrt fram að það var talið til góðs fyrir líðan fagfólksins. Reynsla þeirra af sérstökum starfsmanni verkefnisins hjá Barnaverndarstofu var jafnframt mjög jákvæð. Þá þótti skipuleg samvinna barnaverndar og lögreglu hafa sérlega mikið vægi í því að hér veittu fagstéttirnar hver annarri stuðning og aðhald. Þetta bæði létti undir í starfinu, skapaði öryggi í eigin hlutverki og bætti þjónustuna til muna. Starfsmaður Barnaverndarstofu hafi sinnt starfi sínu af alúð og fagmennsku. Verkefnið hafi gert starf þeirra allra skýrara og stéttirnar unnið vel saman og verið léttir að einhver tók börnin sérstaklega að sér.

Starfsmenn barnaverndarnefnda voru þannig sammála um að verkefnið hefði auðveldað og létt undir þeirra starf. Þeim fannst gott að vita að sérstaklega var tekið á þessum málum og börnin fengu stuðning á staðnum og viðeigandi aðstoð í kjölfarið. Þjónustan varð markvissari og umfram allt, betri fyrir börnin.

*Mér fannst svo mikill styrkur að hafa þetta úrræði og geta haft samráð og samtál, og jafnvel fundað saman með aðilum sem koma að málinu. [...] Þetta var oft samvinnumál. [V5]*

Einn helsti kostur verkefnisins sem starfsmenn barnaverndar drógu ítrekað fram var að brugðist var strax við, og engin bið. Fagaðili fór á staðinn og ræddi við börnin og það skipti máli að börnin ættu kost á viðtölum hjá sama aðila í kjölfarið. Um var að ræða markvissa áfallahjálp og jafnframt var tryggt að málin færu um leið í markvisst ferli hjá viðeigandi barnaverndarnefnd. Allir voru sammála um að það væri mikill kostur að þetta var allt unnið á sömu hendi, þ.e. sami aðili fór í útköllin, sinni meðferðarviðtölum og

fylgdi málunum eftir. Þetta veitti börnunum aukið öryggi og það náðist betri samfella í þjónustuna.

*Það sem mér fannst standa upp úr var að [starfsmaður Barnaverndarstofu] kom alltaf þegar það voru börn og sá um þau. Það var tryggt. [V6]*

Fram kom að afmarka hefði mátt verkefnið betur og skýra hlutverk hvers og eins. Það skipti miklu máli að vitað sé hver eigi að gera hvað og hvenær. Einnig þurfi að vera skýrt hvers vegna starfsmaður Barnaverndarstofu var kallaður til og hvernig hans hlutverk sé ólíkt hlutverki barnaverndarstarfsmanns. Umgjörð verkefnisins hefði þannig þurft að vera betur innrömmuð. Það má segja að barnaverndarstarfsmenn hafi tekið þessari viðbótarþjónustu fegins hendi, en ef til vill treyst of mikið á meðferð félagsráðgjafa Barnaverndarstofu.

*Ókosturinn við þetta var kannski að ákveðnu leyti fjarlægðin frá [barnaverndar] starfsmönnum sem voru líka að vinna málið á skrifstofunni. Það hefði mátt vera meiri samvinna. [...] Það er mikið að gera hjá barnaverndarstarfsmönnum, þeir kannski að ákveðnu leyti leggja ábyrgðina líka á meðferðina. [V8]*

Þannig var líka ítrekað bent á að þetta væru mörg mál og of mikið álag fyrir einn starfsmann Barnaverndarstofu að sinna þessu. Það þyrfti að ráða fleiri starfsmenn þannig að fleiri komi að þessari þjónustu af hálfu Barnaverndarstofu. Þá hefði jafnframt mátt leggja meiri áherslu á að starfsmaður frá félagsþjónustu sveitarfélagsins eða barnavernd hefði alltaf komið með í útkallið til aðstoðar. Í vissum tilvikum hefði þurft að vera skarpari tenging á milli verkefnisins og starfsmanna barnaverndarnefndar og enn skilvirkari samvinna í málunum.

*Það er mikið álag fyrir starfsmanninn í þessum aðstæðum. [...] Það er eiginlega nauðsynlegt [að það séu tveir] ef vel á að vera og vel unnið. [V5]*

Fram kom að þegar verkefninu lauk eftir tveggja ára reynslutíma hafði aukin áhersla og ábyrgð verið sett á barnaverndarnefndir að sinna útköllum vegna heimilisofbeldis og áframhaldandi þjónustu, m.a. með viðtölum. Ekki var þó alltaf ljóst hvort þetta var aðeins rökrétt framhald af því sem byrjað hafði verið á eða hvort um raunverulega staðfestingu á innleiðingu vinnulagsins var að ræða. Nefnt var að nefndirnar voru misvel tilbúnar til þess að taka við þessu krefjandi verkefni og útfærslan því mismunandi. Sumar nefndir hefðu verið lengur í gang og þá þjónustan legið niðri í einhvern tíma. Þjónustan hafði einnig breyst á þann hátt að ekki var lengur unnt að láta sama starfsmann fara í útköll og sinna viðtölum í framhaldinu og fylgja málunum eftir. En einmitt þetta hafði þótt einn helsti kostur verkefnisins. Í öllum nefndum sem komu við sögu hafði verið reynt að sinna þessum málum fljótt og vel og var talið að tilraunaverkefni Barnaverndarstofu hafi orðið upphaf að sérhæfðari vinnu í tengslum við heimilisofbeldi og barnavernd. Margar nefndanna hefðu farið í sérstakt átak með lögreglu sem hefði reynst vel. Í þeim tilvikum var þá unnið út frá svipuðum forsendum og áherslum og þeim sem verkefnið byggði á.

*Það var mjög mikil breyting eftir að verkefninu lauk því að þá kom eiginlega tómarúm. Sveitarfélögin áttu að taka við þessu, þau voru ekki tilbúin með samskonar þjónustu eins og þessi þjónusta var. [V6]*

Starfsmenn barnaverndar voru sammála um að með tilkomu verkefnisins hafi þjónusta við barnafjölskyldur orðið raunverulega betri. Heimilisofbeldi væri nú frekar viðurkennt

og sýnilegra. Einnig varð meiri þungi lagður í þennan málaflokk. Börnin fengu aukið vægi og þeim var betur sinnt. Fram kom að foreldrar hefðu áður haft vald til þess að neita þjónustu fyrir börn sín þegar haft var samband við þau eftir að ofbeldi á heimili hafði átt sér stað. Með þessu móti var þjónustan hins vegar veitt um leið og ofbeldið átti sér stað, inni á heimilinu. Þetta jók líkur á því að foreldrar væru tilbúnir til samstarfs, og taka við áframhaldandi þjónustu og viðtölum fyrir börnin í kjölfarið. Síðast en ekki síst skapaði þetta trú á, vilja og getu til að vinna í sínum málum og öðlast kjark til að taka aðra stefnu í sínu lífi.

*Mér finnst með heimilisofbeldi og þessar aðstæður, að [verkefnið] er svona búið að lyfta því upp á hærra plan, heimilisofbeldinu, það er miklu meiri umræða alls staðar og miklu meiri þungi lagður í að vanda til verka og gleyma ekki börnunum í þessum aðstæðum og grípa strax inn í. [V5]*

Þá voru starfsmenn barnaverndar jafnframt sammála um að þjónustunni hefði hrakað eftir að tilraunaverkefninu lauk. Ákveðið tómarúm hefði skapast og barnaverndarnefndirnar ekki verið tilbúnar að taka við á þeim tímapunkti. Hins vegar hafi þjónustan þróast á jákvæðan hátt, með hliðsjón af verkefninu, en er þó ekki eins og áður. Er það m.a. vegna mikils annríkis hjá barnaverndar-starfsmönnum, fleiri koma því að hverju máli og samfellan verður ekki eins góð. Barnið hittir ekki sama starfsmann á vettvangi og í áframhaldandi viðtölum. Starfsmenn sakna þess að geta vísað þessum málum áfram á sérfræðing sem heldur utan um og sinnir þessum málum/börnum vel.

*Já [þjónustunni hefur hrakað], allavega ef við gefum okkur að það sé gott fyrir barn að hitta sömu manneskju, það er líka gott fyrir [starfsmanninn] að sjá aðstæðurnar eins og þær eru, þegar þetta er að gerast, og fyrir barnið að sjá andlit og geta svo hitt það aftur, sama andlit. [V6]*

Meiri meðvitund og opnari umræða um heimilisofbeldi á Íslandi var talinn einn helsti afrakstur verkefnisins að mati starfsmanna barnaverndar. Lögregla, barnavernd og annað fagfólk, t.d. starfsfólk í skólum, væri nú sjálft meira vakandi fyrir þessum málaflokki. Í því fælist aukin vitund um þarfir barnanna og betri forsendur til að beita sér að því að sinna börnum sem búa við þessar aðstæður og beina þeim í réttan farveg. Tilraunaverkefnið raungerði samræmd vinnubrögð fagaðila, bætti skipulag og veitti meiri yfirsýn yfir málaflokkinn. Þetta hefði um leið orðið til þess að betur er hlustað á börn sem segja frá ofbeldi á heimili og það er tilkynnt í auknum mæli til barnaverndar. Í þessu felst að börn fá betri þjónustu um leið og foreldrar fá leiðbeiningar og stuðning sem aftur gæti leyst úr læðingi og aukið aðgerðakraft þeirra sjálfra til að vinna að eigin hagsmunum og velferð.

*Við höktum mjög þegar [verkefninu] lauk. Við töldum okkur vera að gera betur en við vorum að gera í raun. [...] Svona verkefni er náttúrulega algjör þjónustuaukning. [V6]*

Starfsmenn barnaverndar mæltu allir með því að þetta verklag yrði tekið upp sem sjálfkrafa kerfi, eða meginregla, um allt land. Helsta hindrunin var talin vera af fjárhagslegum toga og skorti á sérhæfðu fagfólki. Verklagið þyrfti að vera mjög skýrt og því stýrt af fólki með sérfræðipækkingu á þessu sviði. Fram komu hugmyndir um að kerfið yrði miðstýrt, þannig að allir fengu sömu þjónustu, á landsvísu. Hluti af því væri sameiginleg fræðsla og þjálfun barnaverndar og lögreglu í þessu vinnulagi. Áfram yrði áherslan á líðan og velferð barna. Þetta þótti gríðarlega mikilvægt og var marg ítrekað.

*Já fyndist mjög gott [ef þetta væri innleitt sem sjálfkrafa kerfi]. [...] Alltaf sami starfsmaðurinn, en auðvitað geta verið viku skiptingar og þeir starfsmenn fylgja svo málunum eftir. [...] Það [væri gott] að það væri svona miðstýrt, en eins og er verið að byggja þetta upp í dag þá verður hvert sveitarfélag að búa sér til sitt eigið [verklag]. [V6]*

Tvennt stóð upp úr varðandi helstu lærdóma sem draga má af tilrauna-verkefninu að mati barnaverndarstarfsmanna og hvað mætti fara betur til að auka gagnsemi vinnulagsins. Í fyrsta lagi þótti helsti kostur verkefnisins að sami starfsmaður mætti í útköll og sinnti börnunum í framhaldinu. Það hefði þó þurft að hafa fleiri sérfræðinga í verkefninu sem skiptu með sér málum, þótti of mikið álag á einn starfsmann. Í því samhengi var bent á að félagsráðgjafar með sérfræðipækkingu og reynslu á þessu sviði gætu einnig sinnt ráðgjöf og leiðbeiningum til annarra starfsmanna barnaverndarnefnda.

*Ef það væri sér úrræði [vegna heimilisofbeldis] hjá Barnaverndarstofu þá gæti þetta verið mikið meira þverfaglegt, einhverjir sem eru búnir að þjálf sig í svona vinnu.. [og hafa] sérþekkingu á svona áföllum og að vinna úr þessu heimilisofbeldi sem er oft mjög flókið. [...] Þetta gæti verið svona hlutlaust svæði fyrir börnin til þess að fara í. [V8]*

Í öðru lagi var greinilegt að mikil þörf var talin á þjónustu með þessu vinnulagi. Börnin sem í hlut áttu höfðu mikla þörf fyrir aðstoð og nýttu sér viðtölin vel. Áhersla var lögð á að þetta væri langtímaVinna með börn og hefði þurft að geta boðið upp á fleiri viðtöl, þéttari og lengri eftirfylgni. Tilraunaverkefnið hefði þurft að vara lengur og að matsþáttur verið tengdur því frá byrjun. Reynslan af því að samtengja þjónustuaðkomu tveggja kerfa, barnaverndar og lögreglu, hafði að mati viðmælendanna ótvíræða kosti. Þannig kom fram að þótt verkaskiptingin var skýr, gagnkvæmt traust og aðilar bættu hvorn annan upp með sinni ólíku færni, þá þyrfti að þróa betur skýrari boðleiðir, m.a. svo aðilar vissu alltaf í hvern eigi að hringja og eins til að fá upplýsingar um framhald mála.

*[Það þarf] skýra ferla, hlutirnir vel rammaðir inn, það tryggir alltaf besta árangurinn. [...] Það þarf að huga vel að þeim starfsmönnum sem fara inn í þetta verkefni, að það sé fólk með reynslu og fái góða handleiðslu. Öll þessi umgjörð, ef hún er góð eykur hún auðvitað árangur. Góð skilvirkni líka, tryggja að peningarnir fari í þetta sem þeir eiga að fara í, það skiptir líka máli. [V1]*

Starfsmenn barnaverndar voru sammála um að þeir aðilar sem sinna útköllum og viðtölum við börn sem búa við heimilisofbeldi þurfi að hafa sérþekkingu á því sviði. Þá væri mikilvægt að hafa reynslu af því að vinna með börnum, hafa þjálfun í áfalla- og meðferðarvinnu og í viðtalstækni, að tala við börn. Í þessu sambandi væri mikilvægt að hafa þekkingu á barnaverndarkerfinu, lögum- og úrræðum þess og samstarfsmöguleikum. Þá kom einnig fram að handleiðsla væri afar mikilvæg, hvort sem væri einstaklings- eða hóphandleiðsla. Handleiðsla fyrir fagfólk þyrfti að vera innbyggð í allt starf barnaverndar, en þar eru verkefnin ekki aðeins þung og krefjandi heldur líka tilfinningalega ágeng.

*Það fer heilmikið fram í gegnum handleiðslu, reynt fólk sem kann þetta getur mikið þjálfað og kennt fólk. [...] Þú þarft þjálfun og þú þarft reynslu. [V1]*

*Það þarf að kunna að tala við börn. [...] Og fá handleiðslu, það er náttúrulega mjög nauðsynlegt. [V2]*

*[Mikilvægt að hafa] einhverja þekkingu á þessu sviði og á barnaverndinni, lögnum, samskiptum og viðtalstækni. [...] Ég held að einmitt í svona málum væri gott að vera í hóphandleiðslu. [V5]*

## Lögregla

Reynsla lögreglumanna af tilraunaverkefninu var afar jákvæð. Það var talin mikil breyting til hins betra að fá fagmanneskju inn á heimili sem einbeitir sér sérstaklega að börnunum og er sérfræðingur á því sviði. Það var léttir fyrir lögregluna að vita að mál barnsins var komið í öruggt ferli.

*Þessi þáttur að ræða við barnið og sjá um það frá A til Ö fannst mér gefa góða raun.. að það komi fagmanneskja sem er með börn og bara allt sem snertir börn. [...] Samvinnan þarna á milli [tókst vel]. [V3]*

Samvinna fagstéttanna þótti hafa verið góð og skilvirk á vettvangi, en að lögreglan vissi hins vegar lítið um það sem gerðist í framhaldinu, en þeir væru reyndar ósvissir um mikilvægi þess.

*Það varð stór breyting þarna á þessum [málaflokki], alveg kúvending. [Aðferðin] virkaði bara mjög vel. Bara of fáir að vinna verkið. [V7]*

Lögreglumennirnir töldu að tilraunaverkefnið hefði einfaldað þeirra vinnu og að útkoman hefði orðið betri fyrir fjölskyldurnar sem í hlut áttu, þar sem þessir tveir aðilar unnu svo skipulega saman. Það létti undir bæði í sjálfu verkefninu á vettvangi, og áhyggjum þeirra sjálfra af börnunum á heimilinu að fá sérfræðing á vettvang sem sinnti þeim markvisst og tók alveg að sér þeirra mál.

*Ég myndi segja að [verkefnið] hafi bara létt undir hjá mér. [Starfsmaður Barnaverndarstofu] tók svona þennan sálfræðiskell sem maður lendir stundum sjálfur í. [V7]*

Helstu kostir verkefnisins að mati lögreglumanna voru að börn sem búa við heimilisofbeldi fengu þjónustu við hæfi, fjölskyldunum var vel sinnt og leiðbeint. Það skipti svo miklu að börnin fundu greinilega fyrir meira öryggi en áður, því sum voru t.d. hrædd við lögreglu og aðkoma þeirra gat aukið á skelfingu barnanna. Með nýja vinnulaginu og þessari hlutverkaskiptingu var komið í veg fyrir þetta. Þá fannst þeim miklu skipta að verkefnið skapaði með þessu grunn að mikilvægu, skipulegu samstarfi milli lögreglu og barnaverndar.

*Við hringdum ef það var barn á heimilinu, [starfsmaður Barnaverndarstofu] kom og tók við öllu dæminu. Við vissum þá að það var komið í öruggar hendur. [...] Þetta var gott kerfi, maður vissi þá allavega að það var eitthvað farið í gang. [V4]*

Lögreglumennirnir voru sammála um að upplýsingaflæði milli fagaðila hefði mátt vera meira. Lögreglan vissi ekki í hvaða farveg mál fóru eftir að útkalli lauk, þ.e. hvaða þjónustu fjölskyldan/börnin fengu. Það skipti máli að fá upplýsingar um þetta þótt það þýddi ekki endilega nein afskipti áfram. Slík samskipti hefðu þó verið sérlega gagnleg í málum sem komu ítrekað inn á borð lögreglu. Einnig þóttu of fáir starfsmenn Barnaverndarstofu í verkefninu. Þeim fannst að þessu fylgdi bæði mikið álag og þreyta. Auk þess væri þá stundum of löng bið eftir þjónustunni þar sem starfsmaður Barnaverndarstofu á vakt var jafnvel í öðru útkalli.

Það væri gott að vita í hvaða stöðu [málið] er. Við vitum ekki hvað er að gerast, í fæstum tilfellum, nema þá að fá upplýsingar frá þolanda eða þeim sem á heimilinu býr síðar, hvað gerðist, hvað var gert? Það væri ósköp gott að geta hringt eitthvað og kannað hver staðan er. [V4]

Eftir að tilraunaverkefninu lauk þróaðist nýtt verklag milli lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar. Lögreglan fer í útköll vegna heimilisofbeldis og boðaði þá starfsmann félagsþjónustu, ef börn eru á heimilinu eða tengjast heimilinu (þó þau séu ekki heima þegar atvikið á sér stað) var einnig starfsmaður barnaverndar boðaður á vettvang. Þetta verklag var, að mati lögreglumanna, mun markvissara en áður var þar sem fleiri fagaðilar komu nú á staðinn og eftirfylgnin varð meiri. Þó kom einnig fram að með tilraunaverkefninu hefði fengist „auka bakland“ sem væri styrkur fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Fyrir vikið væri nú komin sterkari eining sem vinnur að því að finna lausnir sem hentaði hverri fjölskyldu. Lögreglumenn voru sammála um að þjónusta við barnafjölskyldur hefði orðið bæði betri og skipulegri með tilkomu tilraunaverkefnisins. Það var meiri þungi settur í þessi mál og mætti því ætla að útkoman hefði orðið betri fyrir vikið. Þeir töldu sig ekki dómbæra á það hvort þjónustunni hefði hrakað eftir að verkefninu lauk þar sem nýtt verklag tók fljótlega við.

*Eftir því sem aflið og styrkurinn verður meiri sem kemur að svona verkefnum því betri á þjónustan að verða. [...] Þannig að allt svona og allur þungi er að hinu góða. [...] Ég get ekki sagt að [þjónustunni] hafi hrakað [eftir að verkefninu lauk] en ég veit að þetta bara styrkti hana. [...] Að hafa auka bakland í þessu [verkefni] það er bara styrkur og það hjálpar, það verður bara helmingi sterkari eining sem er að koma að því að reyna að finna lausnir á þeim vandamálum sem koma upp. [V4]*

Helsti afrakstur verkefnisins að mati lögreglumanna var að með því væri annars konar gaumur gefinn að málaflokknum og harðar tekið á heimilisofbeldi. Fleiri aðilar fóru í útköllin og einna mestur fengur þótti af því að fá fagmanneskju á vettvang sem veitti leiðbeiningar og þjónustaði börnin.

Það er komið ákveðið kerfi fyrir börnin sem gerir eitthvað fyrir þau og í þeirra málum. Allt svona er af hinu góða. [...] Það var mjög gott að geta hringt í einhvern svona. [...] Það eru náttúrulega börnin sem eru hinir raunverulegu þolendur í togstreytu tveggja fullorðna einstaklinga. [V4]

Lögreglumenn töldu að verklag líkt og tilraunaverkefnið fól í sér ætti að vera sjálfkrafa kerfi um allt land. Þörfin sé sífellt að aukast fyrir samstarf kerfa og þessir faghópar vinni vel saman, en til þess að hægt sé að sinna þessum málum vel þurfi aukið fjármagn og fleiri stöðugildi.

*Mér finnst bara ekki spurning [að það eigi að innleiða þetta á landsvísu]. Helsta hindrunin er örugglega peningar, það er bara svoleiðis. [V7]*

Skýrt kom fram að sumt þyrfti að gera betur og mætti útfæra öðruvísi í framhaldinu í ljósi tilraunaverkefnisins. Annars vegar var það að lögreglan hefði þurft að vera betur upplýst um framgang mála eftir inngripið og þá þjónustu sem fjölskyldurnar fengu í framhaldinu, og hins vegar að mikil þörf hefði verið á fleira starfsfólki á vegum Barnaverndarstofu til þess að sinna verkefninu.

Í sjálfu sér vitum við aldrei nákvæmlega hvað er að gerast í þessum hlutum. Það vantar oft, finnst mér ákveðna tengingu inn í þetta. Það kemur bara ákveðinn punktur yfir okkar vinnu, þá er þetta bara komið í hendurnar á öðrum. [...] [Spurning] hvort það sé hægt að búa til eitthvað kerfi þannig að maður geti auðveldlega fylgst með eða spurst fyrir um hver staðan er, það væri bara að hinu góða. [V4]

Varðandi hæfniskröfur lögreglumanna sem sinna útköllum á heimili þar sem ofbeldi á sér stað, kom fram að mikilvægt væri að læra af reynslu annarra lögreglumanna og miðla þekkingu á milli manna. Lögreglumenn þyrftu sérstaka þjálfun og undirbúning til þess að taka á eins erfiðum aðstæðum og upp geta komið í þessum málum. Handleiðsla sem slík var ekki nefnd.

*Besta nám lögreglumanns er að hlusta.. og síá út það sem er gott og láta hitt liggja milli hluta. [...] En öll fræðsla er af hinu góða og um að gera að efla svoleiðis, en ég held þú lærir þetta aldrei nema að hafa það í þér. [V4]*

## Mæður

Mæðurnar fjórar sem komu í viðtal höfðu allar búið við heimilisofbeldi í einhvern tíma. Þótt alvarleiki ofbeldisins hefði verið misjafnlega mikill kom einnig fram að ofbeldið hafði oftast farið versnandi og í flestum tilvikum hafði verið hringt á lögreglu í fleiri skipti. Í flestum tilvikum kom fram að mæðrunum þótti óþægilegt í fyrstu að fá starfsmann frá Barnaverndarstofu inn á heimilið. Þegar þær fundu að í þessu var fólgin mikinn stuðningur og þjónusta fyrir börnin, sögðust þær vera þakklátar og hafa fundið fyrir létti. Eftir á að hyggja hefðu þær verið mjög ánægðar með þjónustuna og allar tóku þær fram að þeim hefði fundist sérstaklega gott að fá aðila inn á heimilið sem veitti börnunum aðhlyningu og ræddi við þau.

*Mér fannst bara mjög þægilegt að fá [starfsmann Barnaverndarstofu] heim, ég hefði viljað að það hefði bara gerst oftari eða fyrr helst. Ég upplifði bara að það var svona öryggi í [því]. [...] Þarna fannst mér það þú veist, það verður eitthvað gert. [...] Hún var svoldið með mér í liði. [V13]*

Í flestum tilvikum hafði lögreglan þekkt til fjölskyldunnar og hafði komið áður inn á heimilið. Mæðurnar sögðust almennt hafa góða reynslu af því að fá lögreglu inn á heimilið og væru þakklátar fyrir þeirra aðstoð. Þótt þeim hefði fundist mjög erfitt að þurfa að kalla til lögreglu þá hefði aðkoma þeirra veitt þeim mikið öryggi. Sérstaklega var rætt um þann góða stuðning sem lögreglan veitti við að leita á slysavarðstofu og í einhverjum tilvikum að kæra ofbeldið. Samt sem áður var erfitt að fá lögregluna heim, en mikilvægt í svo alvarlegu máli.

*Mér fannst þetta náttúrulega svolítið óþægilegt en einhvern veginn sá ég ekki að þetta hefði getað farið neitt öðruvísi. Þannig að það varð bara að reyna að líta á þetta sem hjálp. [...] [Það voru] mjög elskulegir lögregluþjónarnir sem komu fyrst á staðinn, svona studdu mig og [börnin] strax. [V15]*

Í flestum tilvikum sögðu mæðurnar skýrt að þessi þjónusta hefði breytt mjög miklu fyrir fjölskyldurnar. Þetta hefði hjálpað þeim sjálfum að taka ákvörðun um að fara með börnin úr aðstæðunum og þiggja aðstoð fyrir sig og börnin. Í einu tilviki var engin aðstoð veitt í framhaldinu og var móðirin ósátt við það, hún hefði viljað fá viðtöl fyrir börn sín. Fram

kom að þau börn sem fengu viðtöl hjá starfsmanni Barnaverndarstofu í kjölfarið höfðu nýttu sér þau vel að mati mæðranna og þær voru mjög sáttar við þjónustuna. Þær voru ánægðar með að hafa fengið leiðbeiningar og ráð um hvernig best væri að vinna með börnin og einnig að hafa fengið stuðning í tengslum við þær breytingar sem urðu á lífi fjölskyldunnar.

*Maður er náttúrulega ofboðslega lasin í svona aðstæðum og maður sér ekki hlutina alveg eins og þeir eru. Þannig að þegar lögreglan og aðili frá Barnaverndarstofu koma inn á heimilið og allir eru að tækla málin, þá áttar maður sig kannski svoldið á alvarleika málsins, maður er náttúrulega alltaf að reyna að fegra þetta fyrir sjálfum sér. Ég held bara að ef það hefði ekki verið fyrir þau hefði ég ekki farið. [V9]*

Mæðurnar voru flestar sáttar við þjónustuna eins og hún var en höfðu nokkrar ábendingar um hvað hefði mátt betur fara. Meðal þess sem kom fram í þessu samhengi var annars vegar að eftirfylgnin hefði mátt vera meiri og markvissari og fylgjast hefði mátt betur með fjölskyldunni og hins vegar að afleiðingarnar fyrir ofbeldismanninn væru of litlar.

*Mér fannst tekið allt of auðveldlega á [ofbeldismanninum]. Börnin voru sett rosalega fljótt til hans í umgengni. [...] Hann neitaði að fara út úr húsinu. [...] Neitaði að skrifa undir alla samninga. [...] Hann komst upp með það. [V9]*

Í tveimur tilvikum var talað um að löng bið hefði verið eftir starfsmanni Barnaverndarstofu á heimilið og hefði það verið erfitt. Í einu tilviki var móðir ósátt og hefði viljað fá meiri þjónustu fyrir barn sitt og upplýsingar um hvað barnið ætti rétt á. Aðeins hefði verið rætt við barnið mjög stutt inni á heimilinu og þeim ekki boðin fleiri viðtöl í kjölfarið. Með aðkomu Barnaverndarstofu og lögreglu á heimilið sögðust margar hafa áttað sig á alvarleika málsins og hefðu í framhaldinu farið að vinna í sínum málum.

*[Barninu] var ekki boðin nein meiri aðstoð heldur en þetta eina fimm mínútna viðtal þennan morgun. [...] Mér var ekki boðin nein aðstoð. [...] Ég veit ekki hvort þetta var bara tilfallandi, ég veit það ekki en mér finnst alveg að það megi [bjóða meiri aðstoð]. [V10]*

Reynslan af þjónustunni í heildina var almennt lýst sem mjög góðri. Það þótti mikill kostur að fá slíka þjónustu fyrir börnin án þess að þurfa að leita eftir henni. Þessar mæður töldu sig vera í veikri stöðu til þess að hjálpa börnunum sínum og þurftu að vinna mikið með sjálfa sig. Því þótti þeim ómetanlegt að fá þessa þjónustu fyrir börnin. Það var mjög góð reynsla af starfsmanni Barnaverndarstofu sem fór í útköllin og tók viðtölin við börnin. Hennar vinna var vel metin og bæði leiðbeiningar, ráð og skýrslur frá henni nýttust vel í framhaldinu. Þá bentu mæðurnar á hversu miklu máli viðtölin við félagsráðgjafa Barnaverndarstofu hefðu skipt fyrir börnin og þær sjálfar, og þjónustan hefði farið fram úr væntingum.

*Ég held að [viðtölin] hafi hjálpað [börnunum] rosalega mikið. [...] Þetta var gott fyrir þau til þess að vinna úr þessu. [...] [Starfsmaður Barnaverndarstofu] gekk rosalega vel frá málunum [í lokin]. Hvert ég gæti leitað fyrir okkur ef eitthvað kæmi upp á. [...] Ég verð að koma því á framfæri að hún var alveg einstaklega ljúf og gott að tala við hana. [Börnunum] fannst það líka. [V15]*

Þar sem sú aðstoð sem Barnaverndarstofa veitti beindist fyrst og fremst að börnunum, fengu fjölskyldurnar aðstoð frá öðrum stöðum/aðilum samhliða. Var þar nefnt



Kvennaathvarfið, Áfallateymi LSH, Foreldrahús, Fjölskyldumiðstöðin, barnavernd, Karlar til ábyrgðar og stuðningur frá vinum og ættingjum. Að fá stuðing frá fjölskyldu sinni skipti líka mjög miklu máli. Öll þessi aðstoð var talin vera af hinu góða og átti sinn þátt í að breyting varð í lífi þeirra. Þó bentu þær á mikilvægi þess að gerandinn leitaði sér líka hjálpar.

Ég fer bara strax í að leita mér aðstoðar og náttúrulega bara staðráðin í því að vinna mig út úr þessu sem fyrst, þannig að ég geti hjálpað börnunum seinna. [...] Ég hefði aldrei gert neitt af þessu fyrr en þetta fólk kom inn á heimilið. [V9]

Mæðurnar voru sammála um að það væri gríðarlega mikilvægt að grípa strax inn í málefni barna sem búa við heimilisofbeldi og að það kæmi alltaf fagaðili á staðinn sem talaði við börnin. Þau þurfi að vita að ástandið á heimilinu sé ekki þeim að kenna og að ofbeldið muni ekki fá að viðgangast. Börnin þurfi að fá viðeigandi ráðgjöf og aðstoð í lengri tíma. Þá kom einnig fram að slík þjónusta ætti ekki að vera val foreldra heldur eitthvað sem er veitt börnum óháð vilja og kröfu foreldra.

Ég held allavega að það væri bara mjög sniðugt að það væri alltaf þannig [að það kæmi starfsmaður til að tala við börnin]. Börn þurfa bara að fá einhvern inn, það er bara svoleiðis. [...] [Börn sem búa við heimilisofbeldi] þurfa ráðgjöf og mikla aðstoð, lengi. [V13]

## Börn

Börnin sem rætt var við höfðu öll búið við langvarandi heimilisofbeldi. Faðir eða stjúpfaðir hafði beitt móður líkamlegu ofbeldi og börnin andlegu ofbeldi til fjölda ára. Í einu tilviki var einnig um að ræða líkamlegt ofbeldi gagnvart barninu. Greinilega voru skýr tengsl á milli áfengisneyslu og ofbeldis á heimilunum, en börnin lýstu í því sambandi ósætti foreldranna, ofstopa og skaða, ógnandi hegðun og hótunum af hálfu föður.

Börnunum hafði greinilega verið brugðið að fá marga aðila inn á heimilið í kjölfar heimilisofbeldis. Þetta voru óskemmtilegar minningar. Þeim þótti ógnvekjandi að tala um þetta og margt af því óljóst í minningunni. Þau lýstu því jafnframt hvernig þeim hafði bæði þótt gott og verið fegin að þessir aðilar komu. Það hefði veitt þeim öryggi og dregið úr hræðslunni. Börnunum fannst gott að tala við starfsmann Barnaverndarstofu inni á heimilinu þótt það hefði líka verið skrýtið því þau skildu ekkert af hverju hún var komin þarna. Þau höfðu svo öll fengið áframhaldandi viðtöl hjá henni og fundist það gott. Börnunum reyndist erfitt að rifja upp atvik í tengslum við heimilisofbeldið. Þau mundu vel eftir ofbeldinu sjálfu og aðdragandanum, en það sem gerðist eftir að lögregla og starfsmaður Barnaverndarstofu kom á heimilið var í móðu.

Ég var bara svona í smá sjokki. Það var eitthvað talað þínu við okkur og ég bara vissi ekkert alveg hvað var í gangi. [...] Mér fannst ekkert óþægilegt að hafa þau þarna þannig séð. Maður treystir alveg svona fagfólki. [...] Þetta tímabil er náttúrulega eiginlega bara allt í móðu hjá mér, ég man samt alveg eftir þessu. [V11]

Börnin sögðu öll frá fyrri reynslu af því að lögreglan hefði verið kölluð til vegna heimilisofbeldis. Þeim fannst það óþægilegt í fyrstu en fóru svo að bera traust til lögreglunnar og voru fegin þegar hún kom. Nefnt var að lögreglan hefði mátt taka harðar á ofbeldinu. Reynsla þeirra af því að fá lögregluna á heimilið var góð. Þau lýstu því hvernig það hefði bæði verið léttir og veitt þeim öryggistilfinningu.

*Við vorum allavega öruggari [þegar lögreglan kom inn á heimilið] en það er ekkert það skemmtilegasta sem við höfum gert. [...] Við vorum eiginlega bara inn í lögreglubílnum og vissum að við vorum örugg þar.. [V14]*

Börnin gátu öll nefnt einhverjar breytingar sem urðu í kjölfar þessa inngrips á heimilinu, en þó mjög mismunandi. Í einu tilviki skildu foreldrarnir og með því lauk ofbeldinu. Þar höfðu foreldrarnir lengi talað um að skilja og ástandið á heimilinu verið mjög erfitt. Vegna aðkomu lögreglu og Barnaverndarstofu og þjónustunnar sem fylgdi í kjölfarið virtist móðirin fá styrk og stuðning til þess að fara frá ofbeldismanninum og byrja nýtt líf með börnum sínum.

*Ég hafði náttúrulega verið vitni af mörgum svona svipuðum [ofbeldis]atvikum. Alveg í nokkur ár. [...] Svo gerðist það bara í kjölfarið að þau skildu og við fluttum bara á sitt hvora staðina, sem var náttúrulega miklu betra. [...] Það sem breyttist fyrir mig var að ég þurfti ekki að vera í kringum þabba minn. [V11]*

Í hinum tveimur tilvikunum kom ekki til skilnaðar. Ofbeldið hætti þó aðeins í fyrra tilvikinu þar sem báðir foreldrar leituðu sér aðstoðar og unnu með sín mál.

*Það breyttist svona aðeins á milli mömmu og þabba. [...] Ég hef allveg tekið eftir því að þau voru ekkert skemmtileg þegar þau voru að drekka áfengi en þau eru orðin betri núna, farin að passa sig miklu betur, eiginlega bara í kjölfarið af þessari [þjónustu]. [V14]*

Í seinna tilvikinu er heimilisofbeldi enn í gangi en það sem breyttist var að ofbeldið varð meira falið, hvorki áfengisneysla geranda né áverkar fórnarlambins eru nú sýnileg á yfirborðinu.

*Hann fer leyndara með [ofbeldið], hann gerir þetta meira „on the low notes“ þannig að hann er ekkert að gera þetta þannig að það sjáist á henni lengur, hann felur áfengið, setur það í aðra brúsa og setur á aðra staði þannig að maður sér ekki áfengið eins vel. [...] Þau fóru tímabundið í hjónabandsráðgjöf. En það hefur engu breytt. [V12]*

Börnin töluðu öll um að þau hefðu viljað fá fleiri viðtöl og meiri eftirfylgni. Það hefði verið erfitt þegar ekkert tók við eftir að viðtölunum lauk og það væri sérstaklega slæmt þegar ekki var búið að vinna úr þessari lífsreynslu. Það hefði skipt máli að fá leiðbeiningar um hvert þau gætu leitað í framhaldinu til að vinna betur úr áfallinu við ofbeldið og ná meira sjálfsöryggi. Einnig kom fram að þau hefðu viljað meiri stuðning og leiðbeiningar fyrir foreldrana, bæði móður og föður og að yngri systkini hefðu einnig þurft að fá þjónustu, en þau hefðu þótt of lítil fyrir viðtöl.

*Við [börnin] vorum send til félagsráðgjafa.. mamma mín var líka látin tala við einhvern. Honum [föður mínum] var ekki hjálpað neitt.. hann var kannski sá sem þarf enn þá mestu hjálpina af okkur. [...] Mér finnst að það hefði mátt bjóða honum einhverja þjónustu. [...] [Starfsmaður Barnaverndarstofu] hefði kannski [getað] beint okkur eitthvert annað. [...] Út af því að maður er náttúrulega ekkert lagaður [eftir nokkur viðtöl]. [V11]*

Reynslu barnanna af þjónustunni í heild var lýst sem nokkuð jákvæðri, viðhorf þeirra til þess að fá hjálp hefði breyst en þau hefðu óskað eftir meiri og betri eftirfylgni. Viðtölin sem þau fengu höfðu nýst vel á þann hátt að það hjálpaði þeim að tala um ofbeldið og

skilja alvarleikann. Í einu tilviki kom fram slæm reynsla af þjónustunni þar sem barnið varð 18 ára á tímabilinu og fékk því aðeins eitt viðtal. Fram kom að eftir að hafa kynnst þeirri þjónustu sem fjölskyldur fá töldu þau að sjálf myndu þau ekki hika við að hringja í lögreglu ef þau yrðu vitni af heimilisofbeldi aftur.

*Maður fattar einhvern veginn ekki endilega hvað allt er slæmt fyrr en eitthvað gerist, og að tala um þetta, vera sendur að tala við félagsráðgjafa, þá fattar maður meira hvað þetta er slæmt. [...] Þannig að þetta var rosalega góð byrjun á einhverju betra. [V11]*

Börnin höfðu, líkt og foreldrar þeirra, einnig fengið aðstoð annars staðar frá. Var þar aðallega sagt frá viðtölum fyrir börn hjá SÁÁ, Drekaslóð og viðtöl hjá sérfræðingi á stofu. Fram kom að þegar foreldrar leitaðu sér líka aðstoðar urðu börnin öruggari og minna hrædd um að ofbeldið endurtæki sig.

*Ég fór í einhver svona viðtöl hjá sálfræðingi hjá SÁÁ. [...] [þar var verið að] kenna okkur um alls konar alkóhólisma og þannig, rosalega sniðugt af því þá lærir maður hvernig meðvirkni virkar og svona. [V11]*

*Þabbi fór að vera hjá einhverjum körlum og mamma hjá einhverjum konum, það gerði þeim gott allavega. [...] Við [börnin] urðum í rauninni öruggari og vorum ekki eins hræddar um að þetta myndi gerast aftur. [V14]*

Börnin voru mjög óviss um hvað væri hægt að gera meira fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi. Hins vegar voru þau sammála um að börn yrðu að fá einhvers konar þjónustu og að það væri nauðsynlegt að grípa fljótt inn í. Fram kom að það þyrfti að fylgjast vel með líðan barna. Hópmeðferð gæti virkað vel fyrir börn til þess að sjá að þau eru ekki ein. Það styrkti þau að vita að fleiri séu í sömu stöðu og sem þurfa að fá fræðslu og ráðgjöf. Þau lýstu því hvernig heimilisofbeldi sé mjög oft tengt áfengisneyslu foreldra og því gæti verið gott fyrir börn að fá fræðslu frá SÁÁ um þetta. Það sé ljóst að mikill stuðningur sé nauðsynlegur og hlutirnir lagist ekki bara að sjálfu sér, erfitt sé fyrir börn að búa við heimilisofbeldi og þau þurfi upplýsingar, fræðslu og stuðning til að takast á við ástandið og bæta líðan þeirra og aðstæður.

## 9 Niðurlag

Niðurstöður þessarar matsrannsóknar sýna ótvíræða ánægju með tilraunaverkefnið. Mæður og börn voru sammála um mikilvægi þess að fá lögreglu og félagsráðgjafa Barnaverndarstofu á staðinn. Félagsráðgjafinn hlúði ekki bara að börnunum, veitti fyrstu hjálp og gerði greiningu og mat á framhaldinu, heldur varð samtalið oft til þess að þolendur ofbeldisins áttuðu sig á alvarleika málsins og heimsóknin varð vendipunkturinn í lífi fjölskyldunnar. Almenn ánægja var með framkomu lögreglu, barnaverndarstarfsmanns, og félagsráðgjafa Barnaverndarstofu og flestum fannst að viðtalið af hálfu félagsráðgjafans hefði skipt mjög miklu máli. Lögreglan og barnaverndarstarfsmenn voru sammála um mikilvægi verkefnisins og sögðu að það hefði verði ákveðinn léttir að fá inn félagsráðgjafa frá Barnaverndarstofu fyrir þeirra starf. Þó hefði ef til vill mátt skýra hlutverk hvers og eins betur á stundum. Sumum mæðrum og börnum fannst þó vanta meiri og betri eftirfylgni og börnin hefðu þurft fleiri viðtöl eða frekari þjónustu.

Símakönnunin leiddi í ljós að hjúskaparstaða mæðranna hafði breyst frá því að tilraunaverkefnið hófst, sum hjónaböndin höfðu endað og ofbeldismaðurinn flutt af heimilinu. Samt sem áður hafði þriðjungur þátttakenda upplifað ofbeldisatvik svipað og þegar lögregla og félagsráðgjafi Barnaverndarstofu voru kölluð út. Þá voru einnig áhyggjur af börnum á sumum heimilunum. Spyrill fræddi alla þá svarendur sem lýstu áhyggjum sínum af börnum á heimili um leiðir til að leita sér hjálpar. Þau voru einnig hvött til að hafa samband við barnaverndaryfirvöld eða félagsþjónustu.

Markmið tilraunaverkefnis var að bæta þjónustu við börn sem verða fyrir ofbeldi eða verða vitni að ofbeldi. Niðurstöðurnar sýna að þetta markmið hefur tekist. Niðurstöður símakönnunar leiddu í ljós almenna ánægju með viðtöl félagsráðgjafa bæði á vettvangi og í viðtölunum í framhaldinu bæði hjá mæðrum og börnum. Þau voru sammála um að verkefnið hefði verið afar mikilvægt og oft breytt stöðu barnanna og fjölskyldunnar til langframa. Í viðtölunum kom sömuleiðis fram að með því að sami starfsmaðurinn hefði bæði sinnt börnunum heima og veitt eftirfylgd hefði orðið meiri samfella í meðferðinni og betri upplýsingagjöf til barna og mæðra. Bæði lögreglan og barnaverndarstarfsmenn töldu að með verkefninu hefði sjónarhornið færst yfir á börnin, með áfallahjálp og meðferð eftir því sem þurfti, þá hefði þessi samfella að sami starfsmaðurinn kom á vettvang og sinni börnunum áfram skipt sköpun. Að auki hefði verkefnið gert starf bæði lögreglu og barnaverndarstarfsmanna viðráðanlegra. Mikið vinnuálag væri á báðum þessum stéttum og með verkefninu skapaðist tækifæri til að vinna málin betur til hagsbóta fyrir börnin og fjölskylduna í heild. Þó bentu bæði lögregla og barnaverndaryfirvöld á mikilvægi þess að um fleiri en einn starfsmann væri að ræða, málin hefðu verið mjög mörg og álagið á starfsmanninn mikið.

Þegar hefur verið brugðist við mörgu af því sem hér hefur komið fram. Má nefna að þann 12. janúar 2015 fóru lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg af stað með verkefnið *Saman gegn ofbeldi* (Rannveig Sigurvinsdóttir, Erla Hlín Hjálmarsdóttir og Kristín I. Pálsdóttir, 2015). Það var meðal annars að fyrirmynd verkefnisins á Suðurnesjum *Að halda glugganum opnum* sem hófst 1. febrúar 2013 (Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, 2014). Fleiri sveitafélög fylgdu í kjölfarið með samstarf við lögreglu (Akureyri, 2015; Garðabær 2015; Mosfellsbær, 2015; Reykjavíkurborg, 2015). Af þessu má vera ljóst að ekki hefur aðeins orðið mikil vitundarvakning um meðferð mála er varða heimilisofbeldi heldur hefur einnig verið lögð aukin áhersla á framkvæmd samhæfðra aðgerða. Lögregluembættin starfa nú samkvæmt nýju verklagi ríkislögreglustjóra frá síðustu áramótum (Ríkislögreglustjórinn, 2014). Í því felst að alltaf er haft samband við starfsfólk félagsþjónustu/barnaverndar, öll mál rannsökuð og heimsókn gerð á heimili innan viku. Jafnframt tryggja sveitarfélögin að starfsfólk mæti að beiðni lögreglu og sinni eftirfylgni, en þau hafa hafa aðlagð verklag sitt að fyrirkomulagi þjónustu á hverjum stað.

## Lokaorð og ályktun

Þær jákvæðu niðurstöður sem kynntar hafa verið í þessari skýrslu um mat á samstarfi lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar eru í samræmi við áður framkomna reynslu af slíku samstarfi. Er því óhætt að álykta að markmið tilraunaverkefnis að bæta þjónustu við börn sem verða sjálf fyrir eða verða vitni að ofbeldi, hefur náðst. Veigamiklar ábendingar komu einnig fram um úr hverju þyrfti að bæta. Út frá þeim má álykta að það sem nú brennur á stjórnvöldum, bæði ríkis og sveitafélaga, sé eftirfarandi: að þróa enn frekar skipulag inngrípa, ferla og verkþátta í meðferð heimilisofbeldis, bæta faglegar aðferðir og létta álagi á starfsfólki með auknum mannafla og stuðningi í starfi.

## Heimildir

Akureyri. (2015). Átak gegn heimilisofbeldi. Sótt 15. september 2015 af <http://www.akureyri.is/is/ibuagatt/frettir/atak-gegn-heimilisofbeldi>

Barnaverndarstofa. (2010a). Fréttir: *Hópmeðferð fyrir börn sem hafa búið við ofbeldi á heimili*. Sótt 15. september 2015 af <http://www.bvs.is/barnaverndastofa/frettir/nr/415>

Barnaverndarstofa. (2010b). Fréttir: *Tölum saman – ný barnabók sem hvetur til umræðu um heimilisofbeldi*. Sótt 15. september 2015 af <http://www.bvs.is/barnaverndastofa/frettir/nr/438>

Dahle, G. og Nyhus, S. (2010). *Illí kall*. Reykjavík: Mál og menning.

Edleson, J. (1999). Children's Witnessing of Adult Domestic Violence. *Journal of Interpersonal Violence*, 14(8), 839-870. doi:10.1177/088626099014008004

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Unnið fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Garðabær. (2015). *Samstarf Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs og lögreglunnar um átak gegn heimilisofbeldi*. Sótt 15. september 2015 af <http://www.gardabaer.is/forsida/frettir/frett/2015/05/15/Samstarf-Gardabaejar-Hafnarfjardar-Kopavogs-og-logreglunnar-um-atak-gegn-heimilisofbeldi/>

Guðbjörg Bergsdóttir og Rannveig Þórisdóttir. (2010). *Rannsóknarskýrsla um heimilisofbeldi*. Reykjavík: Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum. (2014). *Að halda glugganum opnum*. Sótt 15. september 2015 af [http://nyskopunarvefur.is/ad\\_halda\\_glugganum\\_opnum\\_-\\_samstarf\\_vid\\_felagsthjonustuna](http://nyskopunarvefur.is/ad_halda_glugganum_opnum_-_samstarf_vid_felagsthjonustuna)

Mosfellsbær. (2015). Átak gegn heimilisofbeldi í Mosfellsbæ. Sótt 15. september 2015 af <http://www.mosfellsbaer.is/forsida/frettir/frett/2015/03/26/Atak-gegn-heimilisofbeldi-i-Mosfellsbae/>

Overline, C. (2010). Abused women with children or children of abused women? A study of conflicting perspectives at women's refuges in Norway. *Child and Family Social Work, 16*, 71-80.

Ragna Björg Guðbrandsdóttir. (2013). *Tilraunaverkefnið „Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi“* Lokaskýrsla verkefnisins frá 15. september 2011-31 maí 2013. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Ragna Björg Guðbrandsdóttir og Steinunn Bergmann. (2014). Börn sem búa við heimilisofbeldi - Tilraunaverkefni á vegum Barnaverndarstofu. *Tímarit félagsráðgjafa, 1(8)*, 33-39.

Rannveig Sigurvinsdóttir, Erla Hlín Hjálmarsdóttir og Kristín I. Pálsdóttir. (2015). *Saman gegn ofbeldi*. Átak Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar gegn heimilisofbeldi. Reykjavík: Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum.

Reykjavíkurborg. (2015). Reykjavík gegn ofbeldi. Átaksverkefni Reykjavíkurborgar í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík: Reykjavíkurborg

Ríkislögreglustjórinn. (2014). *Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála sem tilkynnt eru til lögreglu*. Reykjavík: Ríkislögreglustjórinn. Sótt 15. september 2015 af <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/01/Verklag-umheimilisofbeldi.pdf>

Stanley, N., Miller, P., Richardson, H., Thomson, F. og Britain, G. (2010). *Children and families experiencing domestic violence: Police and children's social services' responses*. Sótt 15. september 2015 af [www.nspcc.org.uk/inform](http://www.nspcc.org.uk/inform)





HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Gimli, Sæmundargötu 10, 101 Reykjavík  
[rbf@hi.is](mailto:rbf@hi.is)  
[www.rbf.is](http://www.rbf.is)